FRÉTTABLAÐIÐ

98. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 20. MAÍ 2021

20 ÁRA

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra tók á móti Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í Hörpu í gærkvöldi. Lavrov kom til landsins í gær vegna ráðherrafundar Norðurskautsráðsins og fundaði meðal annars með Anthony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem dvalið hefur á Íslandi frá því á mánudag. – SJÁ SÍÐU 8

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gagnamagnið stendur saman.

Áfall í Rotterdam

benediktboas@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is

EUROVISION Fréttin af Covid-smiti Jóhanns Sigurðar Jóhannssonar í Gagnamagninu fór eins og eldur í sinu um Eurovision-heima í gær.

Smitið þýðir að Daði og Gagnamagnið stíga hvorki á svið í undanúrslitum í kvöld né á laugardag, heldur verður upptaka leikin.

„Ég gerði allt mitt til að vera öruggur en eitthvað hefur farið úrskeiðis," sagði Jóhann leiður í gær. – SJÁ SÍÐU 2

Ríkið fari að draga sig í hlé

Vextir eru hækkaðir í fyrsta sinn frá því 2018. Seðlabankastjóri vill að ríkið fari að draga sig í hlé og varar við hröðum vaxtahækkunum verði ákall um frekari launahækkanir.

hordur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Seðlabankastjóri telur að ríkið verði að fara að draga fjárhagsstuðning sinn til fyrirtækja og heimila til baka, nú þegar góður gangur er í bólusetningum og útlit fyrir að efnahagsbatinn sé að hefjast.

„Það er engin framtíð í því fyrir landið að ætla að búa til hagvöxt með skuldsetningu og opinberum útgjöldum. Það er mun æskilegra ef okkur farnast að búa til þannig aðstæður að ný störf skapist í einkageiranum með hagstæðum fjármögnunarskilyrðum og þannig örva fjárfestingu í atvinnulífinu. Það er hin eðlilega leið og þess vegna

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

verður ríkið að fara að stefna að því að draga sig í hlé og minnka hallarekstur inn," segir Ásgeir Jónsson í viðtali við Fréttablaðið.

Vextir Seðlabankans voru hækkaðir í gær – úr 0,75 prósentum í 1 prósent – í fyrsta sinn frá því í nóvember 2018 en verðbólga hefur reynst þrálátari en spáð var.

Framhaldið veltur mikið á því hvernig aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld bregðast við á næstunni. „Ef það verður ekkert lát á hallarekstri ríkissjóðs eftir lok farsóttarinnar eða við sjáum áframhald á launahækkunum sem eru margfaldar á við það sem þekkist í öðrum löndum, þá er ljóst að það verður auðvelt að eyðileggja þá góðu samkeppnisstöðu sem við njótum núna," segir Ásgeir, og vísar til lágra vaxta og hagstæðs gengis krónunnar.

„Ef við erum að fara að sjá ákall um launahækkanir til að bregðast við minni kaupmætti vegna aukinnar verðbólgu, þá verður Seðlabankinn neyddur til að þess að bregðast við strax. Það er engin spurning."

Hann tekur undir gagnrýni framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins, um að umgjörð byggingarmarkaðarins sé orðin áhættuþáttur í hagstjórn. Það sé að mörgu leyti „óþægileg staða" fyrir bankann að þurfa að bregðast við með vaxtahækkun til að hemja eftirspurn á íbúðamarkaði út af skorti á framboði. „Það gæti þó hæglega gerst," segir hann. ■

Segir annmarka á ofbeldisrannsókn

fanndisbirna@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL „Núna er það í höndum lögreglunnar að rannsaka þetta mál aftur og þá með öllum gögnum og vitnum málsins," segir Linda Gunnarsdóttir, um að lögreglunni er gert að taka aftur upp rannsókn vegna kæru Lindu.

Linda segir fyrrverandi sambýlismann hafa beitt hana ofbeldi. Ríkissaksóknari segir lögreglu hafa láðst að fá myndir af áverkum Lindu og ræða við vitni. – SJÁ SÍÐU 6

Linda Gunnarsdóttir.

Forstjóri Play gagnrýnir ASÍ

mhj@frettabladid.is

KJARAMÁL „Þetta er bara með ólíkindum. Ég botna engan veginn í þessum vinnubrögðum því félagið hefur boðið Drífu, forseta ASÍ, ítrekað að koma á fund til þess að ræða málin en hún hefur alltaf neitað eða ekki svarað þeim boðum," segir Birgir Jónsson, forstjóri flugfélagsins Play.

Birgir Jónsson, forstjóri flugfélagsins Play.

Miðstjórn ASÍ hvatti í gær almenning og fjárfesta til að sniðganga Play þar til flugfélagið breyti um stefnu þannig að það fari að leikreglum sem gildi á íslenskum vinnumarkaði.

Birgir sakar ASÍ um að vera í hagsmunagæslu fyrir Flugfreyjufélag Íslands. Play er með kjarasamning við Íslenska flugstéttarfélagið.

„Þetta hefði allt getað verið rætt á fundi en ekki með einhverri stríðsyfirlýsingu um að gera hundruð manna atvinnulaus," segir forstjóri Play. ■

Nánar á frettabladid.is

Smá kría við eldstöðvarnar

Síðan hvenær hefur frumkraftur náttúrunnar komið í veg fyrir góðan blund? Þessi svefnpokavafni ferðalangur hefur ekki ætlað að snúa heim frá Geldingadölum vansvefta og kom sér því vel fyrir á besta stað. Sá passaði líka upp á að vera vel nestaður, vopnaður pylsusinnepi og með því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Segir engan ágreining um Ísrael og Palestínu

adalheidur@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

UTANRÍKISMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir ekki vera ágreining í ríkisstjórninni um afstöðu til árása Ísraelshers á Palestínumenn á Gasa.

Í gær fordæmdi þingflokkur Framsóknarflokks árásir Ísraelshers á Palestínumenn á Gasa.

Þingflokkur Vinstri grænna sendi frá sér sambærilega yfirlýsingu fyrir nokkrum dögum. Engin slík yfirlýsing hefur komið frá Sjálfstæðismönnum. Í opinberum yfirlýsingum stjórnvalda er ekki tekin afstaða með Palelstínu, líkt og gert er í yfirlýsingum VG og Framsóknar.

„Það er ekki ágreiningur í ríkisstjórninni," segir Katrín og vísar til samþykktrar utanríkisstefnu sem byggi á viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu frá 2011 og áherslu á tveggja ríkja lausn.

„Það er líka algerlega klárt að þegar það er verið að drepa óbreytta borgara í svona átökum þá er það brot á alþjóðalögum og það hefur komið skýrt fram af hálfu íslenskra stjórnvalda." ■

BORGIR FASTEIGNASALA
SLÉTTUVEGUR 15 ÍBÚÐ 207
OPIÐ HÚS
Borgir kynna: Opið Hús í dag fimmtudag 17-30 til 18-00 .
Fín tveggja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi fyrir 55 ára og eldri
Suður svalir. Útsýni yfir Fossvoginn. Húsvörður.
Mikil sameign, t.d. tækjasalur, sauna, heitur pottur, samkomusalur.
Verð kr. 47 milj.
Heiða s. 699-2228 verður á staðnum og tekur á móti ykkur.
Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

Kórónavírus setur strik í reikning Gagnamagnsins

Daði og Gagnamagnið munu ekki stíga á svið í kvöld vegna Covid-smits Jóhanns Sigurðar Jóhannssonar, meðlims hljómsveitarinnar.

benediktboas@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is

EUROVISION Daði og Gagnamagnið munu notast við upptökur frá annarri æfingu sinni sem fram fór 13. maí þar sem hljómsveitin fær ekki að stíga út fyrir hóteldyrnar og taka þátt í síðara undankvöldi Eurovision sem fram fer í kvöld.

Fréttin af smiti Jóhanns Sigurðar Jóhannssonar, meðlims í Gagnamagninu, fór eins og eldur um fréttamiðla Evrópu enda Gagnamagninu spáð góðu gengi. Þeim var spáð sigri í fyrra og eru trúlega með stærstu stjörnum keppninnar í ár. AP-fréttastofan, breska ríkisútvarpið BBC og flestir skandinavísku miðlarnir slógu öll upp sem stórfrétt að Daði myndi ekki stíga á svið í kvöld.

Jóhann tjáði sig með tárin í augunum á Instagram-síðu Gagnamagnsins. Hann væri í áfalli, vonsvikinn og almennt sorgmæddur yfir Covid-niðurstöðunni. Honum leið þó vel og var einkennalaus.

„Þetta hefur verið svo lengi í undirbúningi. Við erum virkilega stolt af upptökunni okkar, æfingin gekk vel og ég vona að við gerum ykkur stolt, Íslendinga og stuðningsfólk," sagði Jóhann. Hann bætti við að hann væri enn að melta tíðindin. „Ég gerði allt mitt til að vera öruggur en eitthvað hefur farið úrskeiðis," sagði hann og þerraði tárin.

Þjóðarsálin bærðist vart um tíma í gær eftir tilkynninguna enda ekki oft sem Íslandi er spáð svo góðu gengi í Eurovision. Daði hefur verið við toppinn í veðbönkum frá því lagið 10 years var frumflutt.

Æfing Íslands sem verður sýnd heppnaðist vel að mati Flosa. MYND/EBA

Flosi Jón Ófeigsson, formaður FÁSES.

Sviptingar þriðjudagsins með frammistöðu Úkraínu ýttu Daða reyndar niður og þá hafa Ítalía og Frakkland verið að rísa. Daði var í fimmta sæti í veðbönkum í gær.

Í tilkynningu Eurovision segir að Gagnamagnið hafi einungis viljað koma fram saman sem hópur. Ekki hafi verið vilji til að skilja neinn eftir.

Gagnmagns-hópurinn mun halda áfram í sóttkví og einangrun næstu daga og munu heilbrigðisyfirvöld í Hollandi halda áfram að fylgjast með hópnum, samkvæmt tilkynningunni.

Í kveðju Daða til aðdáenda sinna á Twitter segir hann að öllum í hópnum líði vel.

Flosi Jón Ófeigsson, formaður FÁSES, segir að félagsmenn séu í áfalli eftir tíðindin en þó hvergi bangnir og hafi fulla trú á velgengni Daða og Gagnamagnsins í keppninni.

Fáir eru betur að sér í Eurovision-fræðum en Flosi og hann hefur litlar áhyggjur þó það verði notast við upptöku frá æfingu.

„Þau negldu hana," segir hann um seinni æfingu hópsins sem verður það sem Evrópubúar munu sjá. „Við erum bara leið fyrir hönd þeirra að fá ekki að upplifa þessa stund að fá að vera uppi á sviði frammi fyrir áhorfendum."

Flosi segir langt síðan að hann hafi verið jafn viss um að Ísland muni fljúga áfram í aðalkeppnina.

„Við í FÁSES tökum Pollýönnu á þetta og mætum á Kex Hostel og styðjum okkar framlag og svo aftur á laugardag," segir Flosi áður en hann lofar upp í ermina á sér.

„Íslendingar mega alveg búast við bombu, því æfingin var alveg stórkostleg hjá þeim." ■

Reykjavík

Opinn fundur & útsending

Grænt húsnæði framtíðarinnar

Borgarstjórinn í Reykjavík býður til kynningar um framtíðaruppbyggingu húsnæðis í borginni.

Föstudagurinn 21. maí kl. 9
Tjarnarsalur, Ráðhúsi Reykjavíkur
reykjavik.is/husnaedaframtidarinnar

Borgin mun vaxa og íbúum og störfum fjölga en á sama tíma þarf útblástur að dragast saman. Það er áskorun sem krefst nýrrar nálgunar.

Efni fundar

Á fundinum verður farið yfir mörg þeirra verkefna í Reykjavík sem styðja við framtíðarsýn Græna Plansins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og skapa öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir alla.

Fundarstjóri er Líf Magneudóttir, formaður umhverfis og heilbrigðisráðs.

Fundurinn verður bæði opinn gestum og streymt rafrænt í beinni útsendingu.

Dagskrá

- **Grænt húsnæði framtíðarinnar**
  Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
- **Hagkvæmt húsnæði í Reykjavík**
  Fulltrúar verkefnahópa kynna framvindu verkefna:
  - **Gufunes: Þorpið vistfélag**
    Runólfur Ágústsson, þróunar- og verkefnastjóri Þorpsins og Sólveig Berg, arkitekt hjá Yrki
  - **Gufunes: Hoffell**
    Jóhann Einar Jónsson, arkitekt hjá Teiknistofu arkitekta
  - **Úlfarsárdalur: Urðarsel**
    Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Urðarsels
- **Reinventing Cities: Grænar þróunarlóðir**
  Niðurstöður dómnefndar og kynning á vinningstillögum

Græna planið

Nánari upplýsingar á **reykjavik.is/husnaedaframtidarinnar**

Leggja til stofnun markaðsstöðugleikasjóðs fyrir sauðfjárrækt

thorgrimur@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Skýrsla Landbúnaðarháskóla Íslands um afkomu sauðfjárbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana var kynnt fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu í gær. Er þar reynt að greina rekstur búanna út frá fyrirliggjandi gögnum og stungið upp á lausnum á vandamálum sauðfjárræktarinnar.

„Meginþátturinn í því hvað afkoman hefur verið slæm síðustu árin er lækkun sem varð á afurðaverði árin 2016 til 2017, en þá lækkaði verðið um 40 prósent," segir Jóhannes Sveinbjörnsson, einn höfunda skýrslunnar.

„Þungamiðjan í skýrslunni snýst um að benda á leiðir til að ná afurðaverðinu aftur upp. Við förum yfir það hvernig ríkisstuðningur hefur áhrif á greinina, bæði hvernig hann styður við hana og hvernig markaðsáhrifin eru," segir Jóhannes.

Ein tillagan er stofnun markaðsstöðugleikasjóðs sem tæki gjald af framleiðslu sauðfjárræktar til að ýta undir hagkvæmari útflutning á sauðfjárafurðum svo offramboð á þeim trufli ekki innanlandsmarkað.

Jóhannes Sveinbjörnsson er einn höfunda skýrslu um sauðfjárrækt.

„Það yrðu teknar einhverjar krónur af hverju kílói sem er framleitt og síðan væru þær notaðar til að tempra sveiflur sem eru á mismunandi mörkuðum hverju sinni. Oft gefur útflutningurinn of lágt verð miðað við innanlandsmarkaðinn og þá þarf að örva þá sölu til þess að það verði hvati innanlands til að ná sem bestum verðum. Núna eru margir frekar litlir framleiðendur hver í sínu lagi að flytja út þetta tiltölulega litla magn sem við framleiðum. Við erum að leggja þetta til svo að þetta verði markvissara."

Jóhannes segir að skýrslunni hafi verið vel tekið við kynningu hennar og að hún hafi verið lögð fyrir ríkisstjórnina. Ekkert liggi þó fyrir um hvort tillögurnar verði að veruleika. ■

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi.

Sumarnámskeið hækka í verði

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, vekur athygli á hækkun gjaldskrár sumarnámskeiða í Fjölskyldugarðinum. Hálfs dags námskeið í fimm daga kostar nú 19.400 krónur.

„Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt það til að opnað verði fyrir að nota frístundakortið á sumarnámskeið. Kortið er langt því frá að vera fullnýtt allt niður í 65 prósent til 70 prósent í einstaka hverfum," segir í bókun Kolbrúnar. ■

Skúrir duga ekki fyrir jarðveginn

hjorvaro@frettabladid.is

VEÐUR Þeir á suðvesturhorninu sem umhugað er um gróðurinn glöddust í gær yfir langþráðri úrkomu.

Þorsteinn Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofunni, segir að þótt skúrirnar séu góðar bleyti þær jarðveginn ekki nógu mikið til að líkur á gróðureldum minnki.

„Jarðvegurinn mun þorna aftur í kvöld [gærkvöldi] eftir þessar skúrir. Það verða skúrir með köflum næstu daga en það er ekki nægileg rigning í kortunum til þess að bleyta jarðveginn svo um muni." ■

Átta ráðherrar af ellefu í framboði á suðvesturhorninu en tveir úti á landi

Forvali VG og uppstillingu Framsóknar á framboðslista fyrir Reykjavík lauk í gær. Prófkjörsbarátta er nú hjá Sjálfstæðismönnum. Langflestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar verða í framboði á höfuðborgarsvæðinu.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Tveir af þremur ráðherrum Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Alfreðsdóttir, verða í framboði í Reykjavík í næstu kosningum.

Sömu sögu er að segja af Vinstri grænum þar sem Katrín Jakobsdóttir og Svandís Svavarsdóttir leiða báða listana í borginni. Þriðji ráðherra VG, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, leiðir lista flokksins í Kraganum.

Í Sjálfstæðisflokknum vilja tveir ráðherrar leiða lista flokksins í Reykjavík, þau Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, verður án efa efstur á lista flokksins í Kraganum.

Alls eru ellefu ráðherrar í ríkisstjórninni. Aðeins tveir þeirra sækjast eftir forystu á lista á landsbyggðinni, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson. Kristján Þór Júlíusson verður ekki í kjöri fyrir næstu kosningar.

Listar Framsóknarflokksins í Reykjavík voru samþykktir á aukakjördæmaþingi í gærkvöldi.

Í Reykjavíkurkjördæmi norður munu þær Brynja Dan Gunnarsdóttir, áhrifavaldur og eigandi Extraloppunnar í Smáralind, og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, vera í forystu, ásamt Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra, sem leiða mun listann.

Katrín Jakobsdóttir.

Svandís Svavarsdóttir.

Lilja Alfreðsdóttir.

Ásmundur Einar Daðason.

Í Reykjavíkurkjördæmi suður leiðir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, listann, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, verkefnastjóri og formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur, skipar 2. sæti og í 3. sæti er Sigrún Elsa Smáradóttir framkvæmdastjóri Exclusive Travels og fyrrverandi borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Framsóknarflokkurinn hefur átt erfitt uppdráttar í Reykjavík og þarf að hafa sig allan við til að fá menn kjörna í Reykjavík. Flokkurinn fékk ekki mann kjörinn í Reykjavíkurkjördæmi norður í síðustu kosningum og því óhætt að fullyrða að Ásmundur Einar leggi nú allt í sölurnar fyrir flokkinn.

Vinstri græn luku einnig í gær forvali sínu í efstu sæti á listum flokksins í Reykjavík. Efstar urðu Katrín Jakobsdóttir, formaður flokksins og forsætisráðherra, og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

Mest var spennan hins vegar um 2. sæti á listum flokksins, en sex gáfu kost á sér í það sæti. Steinunn Þóra Árnadóttir, þingkona flokksins, varði sína stöðu og verður aftur í 2. sæti á öðrum listanum og Orri Páll Jóhannsson, varaþingmaður og aðstoðarmaður umhverfisráðherra, mun skipa 2. sæti á hinum listanum. Orri Páll var í 3. sæti á lista fyrir síðustu kosningar á eftir Kolbeini Óttarssyni Proppé sem hætti við framboð í síðustu viku. Í 3. sæti verða þau Eva Dögg Davíðsdóttir og Daníel E. Arnarson.

Vinstri græn fengu tvo þingmenn kjörna í Reykjavík suður í síðustu kosningum og þrjá á lista forsætisráðherra í Reykjavík norður. Flokkurinn hefur dalað í könnunum miðað við síðustu kosningar og óvíst hvort hann nær fleiri mönnum á þing en ráðherrunum tveimur.

Forvali Vinstri grænna í efstu sæti á lista er nú lokið, en eftir er að staðfesta lista flokksins í Reykjavík. Aðrir flokkar sem lokið hafa vali á alla framboðslista eru Samfylkingin og Píratar.

Framsókn á aðeins eftir að kynna lista í Suðurkjördæmi þar sem formaður flokksins vermir án efa áfram oddvitasætið.

Viðreisn hefur lokið við að raða á lista í landsbyggðarkjördæmunum en á eftir listana í Reykjavík og Kraganum.

Engin mynd er enn komin á lista Miðflokksins, Flokks fólksins og Sósíalistaflokksins en stillt verður upp á lista þessara flokka. Þá eru prófkjör fram undan í öllum kjördæmum hjá Sjálfstæðisflokknum. ■

Iceland

POP UP MARKAÐUR

20. - 27 MAÍ

Útileguvörur
25% afsláttur

Hlaupa- og jafnvægishjól
fyrir börn frá **8.099** kr

Sumarleikföng
25% afsláttur

Sumarblóm
Stjúpur, flauelsblóm, fjólur og tóbakshorn
10 stk á **1.379** kr

Kokteilar sem henta öllum!

Barþjónar mæta og blanda ljúffenga kokteila með Warners 0,0% óáfengu gini, sem er á sérstöku tilboðsverði í verslunum Iceland

FIMMTUDAGINN 20. MAÍ KL. 17.00-20.00: GLÆSIBÆ

FÖSTUDAGINN 21. MAÍ KL. 17.00-20.00: STAÐARBERGI OG ENGIHJALLA

Kíktu á tilboðin í næstu Iceland og upplifðu sannkallaða sumarstemningu

GOTT ÚRVAL AF FIDGET DÓTI

AFGREIÐSLUTÍMI Í ICELAND:

Arnarbakka - Glæsibæ - Vesturbergi - Seljabraut:
Opið alla hvítasunnuhelgina: 09:00-24:00

Engihjalla - Hafnarfirði:
Opið alla hvítasunnuhelgina: 24/7 (allan sólarhringinn)

Iceland

Air Iceland Connect var undir losunarþröskuldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Losun frá flugi í fyrra miklu minni

birnadrofn@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum flugrekendum dróst saman um tæp 70 prósent milli áranna 2019 og 2020. Um er að ræða losun sem fellur innan viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS). Öll ríki ESB eru þátttakendur í kerfinu ásamt Íslandi, Noregi og Liechtenstein. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar.

Samdrátturinn skýrist líklega af minni flugsamgöngum vegna kórónuveirufaraldursins. Á síðasta ári var losun íslenskra flugrekenda rúm 187.687 tonn koltvísýringsígilda en árið 2019 var losunin tæp 600 þúsund tonn.

Air Iceland Connect féll undir losunarþröskuld kerfisins og er því undanskilið í þessum tölum. ■

Dönsuðu um málaðir

Hressir Balímenn mála sig frá toppi til táar fyrir hina helgu Ngerebeg-athöfn í þorpinu Gianyar á Balí í Indónesíu í gær. Athöfnin fer fram á 210 daga fresti og snýst um að reka burt illa anda. Þátttakendur mála sig, skreyta sig með litum og klæðast pilsum sem tákna goðsagnaveruna Bhutakala. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Endurupptaka rannsókn á ofbeldismáli

„Þessari niðurstöðu ríkissaksóknara tek ég fagnandi," segir Linda Gunnarsdóttir um þá ákvörðun að tekin verði upp aftur rannsókn á ofbeldi sem hún sakar fyrrverandi sambýlismann um.

fanndisbirna@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur ákveðið að rannsókn á fyrrverandi sambýlismanni Lindu Gunnarsdóttur, sem hún kærði í fyrra vegna líkamsárásar meðan þau voru í sambandi, skuli hefjast á ný.

Þannig hefur ríkissaksóknari fellt úr gildi ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá því í febrúar um að hætta rannsókn á málinu.

Fjallað var um málið í Fréttablaðinu um helgina þar sem Linda greindi frá því að hún hefði verið í sambandi með umræddum manni í um tvö ár þar sem hann beitti hana andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Linda segir niðurstöðuna vera jákvæða en að hún sé aðeins eitt skref af mörgum í rétta átt. „Fyrir þolanda, að þurfa að ganga í gegnum allt þetta ferli finnst mér sláandi, sú ákvörðun ein og sér að kæra er nógu erfið," segir Linda.

Atvikið sem Linda kærði til lögreglu er frá árinu 2015. Hún sagði þáverandi sambýlismann sinn hafa ráðist á sig. Er hann hefði komið heim eftir að hafa verið úti að skemmta sér hefði hún komist að því að hann hefði haldið framhjá henni. Hún hefði vakið hann morguninn eftir, slitið sambandinu, og rekið hann út.

Linda segir sambýlismanninn hafa í kjölfarið kýlt og slegið hana ítrekað og hrint henni í gólfið svo hún þurfti að leita á bráðamóttöku.

> Núna er það í höndum lögreglunnar að rannsaka þetta mál aftur og þá með öllum gögnum og vitnum málsins.

Linda Gunnarsdóttir

Samkvæmt áverkavottorði undirrituðu af sérfræðilækni á bráða- og göngudeild Landspítala voru áverkarnir á líkama Lindu átta talsins, þar á meðal viðbeinsbrot. Hún kærði manninn í fyrra, fimm árum eftir árásina, en hún sagðist ekki hafa áttað sig almennilega á hverju hún hefði orðið fyrir, fyrr en hún fór að opna á málið.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákvað í febrúar síðastliðnum að hætta rannsókn málsins, með þeim rökum að í málinu stæðu orð gegn orði og langt væri liðið frá atvikinu. Þá hefði maðurinn neitað sök en hann hélt því fram í skýrslutöku að Linda hefði ráðist á sig og dottið.

Linda kærði ákvörðun lögreglustjórans í kjölfarið og í gær fékk hún loks þau svör að sú ákvörðun hefði verið felld niður og því myndi rannsóknin halda áfram.

„Eftir yfirferð gagna málsins telur ríkissaksóknari rannsókn þess ekki lokið," segir í rökstuðningi um afstöðu ríkissaksóknara til kærunnar og er lagt fyrir lögreglustjóra að „taka málið til rannsóknar og þóknanlegrar meðferðar".

Vísað var til þess að lögregla hafi ekki óskað eftir myndum af áverkum Lindu, þrátt fyrir að þess væri skýrt getið í áverkavottorði að lögregla þyrfti aðeins að óska eftir þeim, og að vitni sem hún tilgreindi, þar á meðal vinkona Lindu sem ók henni á bráðamóttöku, voru ekki kölluð til.

„Þessari niðurstöðu ríkissaksóknara tek ég fagnandi og fæ aftur trú á réttlætinu, en núna er það í höndum lögreglunnar að rannsaka þetta mál aftur og þá með öllum gögnum og vitnum málsins," segir Linda. ■

GUERLAIN
PARIS

OPNAÐU AUGUN FYRIR MÆTTI HUNANGSINS

ABEILLE ROYALE
NÝTT - EYE R REPAIR SERUM

MEIRI LYFTING x3[1]

NÝR GULL DROPA SKAMMTARI

94% UPPRUNNIÐ ÚR NÁTTÚRULEGUM EFNUM[2]

Síðastliðin 10 ár hafa rannsóknir Guerlain sannað virkni Black Bee hunangsins[3] frá frönsku eyjunni Quessant en hjartað í BlackBee Repair tækninni er hunangið sem eflir viðgerðarhæfni húðarinnar. Abeille Royale vinnur á 6 þáttum húðarinnar: **stinnleika, fínum línum, áferð, ljóma, raka og gæðum.**[4]

NÝTT EYE R REPAIR SERUM. Formúla sem samanstendur af 94% náttúrulegum innihaldsefnum[2] **sem auka ljóma, raka og gefa augnsvæðinu lyftingu.**[1]

DOUBLE R RENEW & REPAIR SERUM. Pessi einstaka tvöfalda virkni sameinar endurnýjun húðarinnar og lyftingu sem **sýnilega sléttir, stinnir og gefur ljóma.**

ABEILLE ROYALE, ENDURNÝJUN Í KRAFTI VÍSINDA OG BÝFLUGUNNAR

[1] Samanburðarpróf DS á móti D28, mat á virkni á augnsvæði 33 kvenna.[2] 2Byggt á ISO staðli 16128, með vatni. Hin 6% vinna að endingu formúlunnar til lengri tíma.[3] Samanstendur af blöndu hunangs og drottningarhunangs.[4] Í prófum á Abeille Royale vörunum.

Guerlain fæst í Kringlu, Smáralind og Garðbæ

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GUERLAIN
VÖRUM DAGANA 20. - 26. MAÍ
Veglegur kaupauki fylgir þegar verslað er fyrir 9.500 kr. eða **meira.**
*Gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP
Snyrtivara

Um 20 þúsund skammtar af bóluefni voru brenndir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Malavar brenndu útrunnið bóluefni

arib@frettabladid.is

MALAVÍ Heilbrigðisyfirvöld í Malaví hafa brennt tæplega 20 þúsund skammta af bóluefni AstraZeneca við Covid-19. Um er að ræða aðgerð sem ætlað er að fullvissa almenning um að enginn fái útrunnið bóluefni. Samkvæmt BBC er Malaví fyrsta Afríkuríkið til að farga bóluefni opinberlega.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hvatti áður ríki til að geyma útrunnið efni, en hefur nú hvatt þau til að farga því. Takmarkaður áhugi er meðal íbúa Malaví á að láta bólusetja sig. Landið fékk 102 þúsund skammta af bóluefni AstraZeneca í gegnum Afríkubandalagið í lok mars og þurfti að nota allt efnið fyrir 13. apríl.

Átján milljónir búa í landinu. Samkvæmt opinberum tölum hafa 34 þúsund smitast og 1.153 manns látist af völdum Covid-19. Charles Mwansambo heilbrigðisráðherra sagði við BBC að það væri leiðinlegt að farga bóluefnunum en það væri besti kosturinn í stöðunni. „Þegar það fóru að berast fréttir um að fólk hefði verið sprautað með útrunnu bóluefni," sagði Mwansambo. „Ef við brennum þetta ekki þá mun fólk halda við séum að nota útrunnið bóluefni og hættir við að koma í bólusetningu, ef það kemur ekki þá á það á hættu að veikjast illa." ■

Skuggi yfir fundi ráðherra stórvelda

Utanríkisráðherrar Rússlands og Bandaríkjanna funduðu í Hörpu í gærkvöld í þann mund sem Fréttablaðið fór í prentun.

thorvardur@frettabladid.is



Sergei Lavrov á leið til fundar í Hörpu í gær. Þá átti ráðherrann að baki langt flug frá Tadsíkistan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

UTANRÍKISMÁL Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, kom til landsins í gær vegna ráðherrafundar Norðurskautsráðsins.

Utanríkisráðherrar þeirra átta ríkja sem eiga aðild að ráðinu funda í dag og þá tekur Rússland við formennsku þess af Íslandi. Rússar segjast munu leggja áherslu á sjálfbæra þróun er þeir gegna formennsku í Norðurskautsráðinu næstu tvö árin, auk þess að styðja við menningu innfæddra á svæðinu.

Hinn 71 árs gamli Lavrov hefur gegnt embætti utanríkisráðherra Rússlands síðan 2004. Hann er þaulvanur diplómat og var fastafulltrúi Rússlands hjá Sameinuðu þjóðunum frá 1994 til 2004.

Lavrov hefur í embætti verið dyggur stuðningsmaður Bashar al-Assad Sýrlandsforseta í sýrlensku borgarastyrjöldinni. Átökin í Úkraínu, sem hófust árið 2014, hafa skipað stóran sess í embættistíð hans þar sem Rússland og Vesturlönd hafa átt í hörðu orðaskaki.

Deildar meiningar eru um hvort Lavrov tilheyri innsta hring Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta, samkvæmt sérfræðingum í rússneskum stjórnmálum. Misjafnar sögur fara af skapgerð hans og átti hann lítilla vinsælda að fagna meðal meðlima stjórnar Baracks Obama fyrrverandi Bandaríkjaforseta.

Hillary Clinton, sem var utanríkisráðherra frá 2009 til 2013, þótti lítið til Lavrovs koma, þar sem erfitt væri að vinna með honum og framkoma hans kaldranaleg.

Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom hingað til lands á mánudag. Hann hitti utanríkisráðherra, forsætisráðherra og forseta Íslands á þriðjudag.

Á blaðamannafundi í Hörpu eftir fund hans með Guðlaugi Þór Þórðarsyni var Blinken spurður út í orð Lavrovs um að norðurskautssvæðið væri yfirráðasvæði Rússa. Blinken sagði að hann vonaðist til að áfram ætti sér stað gott samstarf um málefni norðurslóða á vettvangi ráðsins en öllum „gáleysislegum" aðgerðum Rússa yrði svarað af hálfu Bandaríkjanna.

> Sergei Lavrov hefur gegnt embætti utanríkisráðherra Rússlands síðan 2004.

Í gærkvöldi fór fram kvöldverðarfundur utanríkisráðherranna átta í Hörpu. Blinken og Lavrov funduðu einnig í gær og var það í fyrsta sinn sem þeir hittust augliti til auglitis.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fundar með Lavrov í Hörpu síðdegis. Hún sagði í fyrradag að með ummælum sínum um meint yfirráð Rússa yfir norðurskautinu hefði Lavrov verið að leggja línuna fyrir fundinn. Það væri áhersla Íslands að svæðið yrði áfram laust við átök. Blinken lýsti því sömuleiðis yfir á þriðjudag að markmið Bandaríkjanna væri að tryggja að norðurskautið yrði ekki átakasvæði.

Gera má ráð fyrir að málefni Ísraels og Palestínu hafi verið ofarlega á dagskrá fundar Lavrovs og Blinkens. Lengi hefur andað köldu milli stórveldanna tveggja, einkum vegna meintra afskipta Rússa af forsetakosningunum í Bandaríkjunum árið 2016 og í fyrra.

Rússar hafa kallað eftir vopnahléi milli Ísraels og Hamas-samtakanna en Bandaríkin hafa í þrígang beitt neitunarvaldi gegn samþykkt öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um slíkt.

Búast má við því að málefni norðurslóða hafi einnig verið rædd á fundi Blinkens og Lavrovs en Bandaríkjamenn segja yfirlýsingar Rússa brjóta í bága við alþjóðalög um hafrétt á svæðinu. ■

Nánar á frettabladid.is

Ársfundur SL lífeyrissjóðs 2021

Fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 16.30

Fundurinn er rafrænn og verður streymt, sjá slóðina **www.sl.is**
Ef sóttvarnarreglur leyfa, eru fundargestir velkomnir á fundarstað á **Hilton Reykjavík Nordica**, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
6. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Hægt verður að senda spurningar á meðan á fundinum stendur á tölvupóstfangið **sl@sl.is**

Reykjavík 20.05.2021
Stjórn SL lífeyrissjóðs

SL lífeyrissjóður

Formaður verði kosinn beint hjá sambandinu

thorgrimur@frettabladid.is

SVEITARFÉLÖG Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á morgun verður kosið um tillögu Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, varaformanns sambandsins, um að formaður þess verði kjörinn í beinum kosningum í stað þess að vera valinn samkvæmt tillögu kjörnefndar.

„Hingað til hefur formaður verið valinn á fyrsta landsþingi eftir kosningar en núna væri það búið áður en til þings kæmi," segir Heiða um tillöguna.

„Þá værum við að opna aðeins meira fyrir þátttöku fólks í þessu vali," heldur Heiða áfram. „Eins og er þurfa allir sem bjóða sig fram til formanns líka að bjóða sig fram í stjórn, þannig að þetta verður aðeins einfaldara með þessu móti. Það væri auðveldara fyrir fólk sem hefur bara hug á að vera formaður en langar ekki í stjórn að draga það framboð til baka. Okkur finnst þetta líka opnara og sanngjarnara ferli."

Auk þess að opna fyrir beint formannskjör gera breytingatillögurnar ráð fyrir nánari afmörkun á hlutverki varaformanns, meðal annars staðfestingu á því að við andlát formanns taki varaformaður við þar til stjórnin kýs nýjan formann.

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Okkur í nefndinni fannst rétt að skrifa þetta inn, en ég vona að við þurfum aldrei að nota þetta ákvæði og fólk klári bara sitt kjörtímabil við góða heilsu og með gleði í starfi."

Heiða segist vongóð um að breytingarnar verði samþykktar en viðurkennir að það kunni að reynast umdeilt að ekki hafi verið gerð tillaga um að öll stjórnin verði kjörin í beinum kosningum.

„Ég hef skilning á að fólki finnist hlutverk uppstillingarnefndarinnar ógreinilegt, en við ákváðum þó að halda því fyrirkomulagi og reyna að gera gegnsærra hvernig hún vinnur," segir Heiða. „Það væri flókið fyrir okkur að koma saman eftir fyrstu kosningarnar án þess að vera búin að kynnast fulltrúunum og líka erfitt fyrir nýja að komast að. Það yrði líka flókið fyrir okkur öll að stilla sjálf upp okkar draumastjórn þar sem svo margir væru þá í kjöri." ■

Sóma Veislubakkar

★FERSKAR HUGMYNDIR★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

KJÚKLINGAVÆNGIR

31 bitar
fyrir 5 manns

Spicy hunangs-kjúklingavængir

KJÚKLINGA-BORGARAR

15 bitar
fyrir 5 manns

15 Mini kjúklingaborgarar með tacosósu, spínati & sultuðum rauðlauk

KJÚKLINGA-TVENNA

40 bitar
fyrir 5 manns

Mini kjúklingaborgarar með tacosósu, spínati & sultuðum rauðlauk

Spicy hunangs-kjúklingavængir

GAMLI GÓÐI

20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.

Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur, súrar gúrkur.

Rækjusalat.

EÐALBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.

Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.

Silkiskorin skinka, egg, ostur, íssalat, sinnepssósa.

LÚXUSBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

Reyktur lax, íssalat, lauksósa.

Kjúklingur, egg, lauksósa.

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.

PÍTUBAKKI

24 bitar
fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og íssalat.

Reykt skinka.

Eggja- og íssalat.

PARTÝBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.

Fetaostur, rauð-laukur, spínat.

Reyktur lax, klettasalat, spínat, lauksósa.

VEISLUBAKKI

30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.

Tikka masala kjúklingur, íssalat.

Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

ÁVAXTABAKKI

40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Ananas, melónur, vínber.

DESERTBAKKI

50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.

Kókostoppar með súkkulaði.

KÖKUBAKKI

24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.

Gulrótarkaka með rjómaostakremi.

Eplakaka með kanilkeim.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15 síðasta virka dag fyrir afhendingu.

somi.is / 565 6000

Getum ekki lifað í einhverri hliðarveröld

Hörður Ægisson
hordur
@frettabladid.is

Vaxtahækkunarferli Seðlabankans er hafið, en hversu hratt það verður fer eftir verðbólguþróuninni. Seðlabankastjóri vill að ríkið fari að draga sig í hlé og varar við hröðum vaxtahækkunum verði ákall um frekari launahækkanir. Auðvelt að eyðileggja samkeppnisstöðuna.

Seðlabankastjóri telur að ríkið verði að fara að huga að því að draga fjárhagsstuðning sinn til fyrirtækja og heimila til baka, nú þegar góður gangur er í bólusetningum og útlit fyrir að efnahagsbatinn sé að hefjast.

„Það er engin framtíð í því fyrir landið að ætla að búa til hagvöxt með skuldsetningu og opinberum útgjöldum. Það er mun æskilegra ef okkur farnast að búa til þannig aðstæður að ný störf skapist í einkageiranum með hagstæðum fjármögnunarskilyrðum og þannig örva fjárfestingu í atvinnulífinu. Það er hin eðlilega leið, að mínu viti, og þess vegna verður ríkið að fara að stefna að því að draga sig í hlé og minnka hallareksturinn," segir Ásgeir Jónsson í viðtali við Fréttablaðið.

Aðspurður telur hann að núna megi búast við því að vaxtahækkunarferli bankans sé hafið, en hversu hratt það verði muni einkum fara eftir því hvort verðbólgan hjaðni á komandi misserum. Gangi það ekki eftir þurfi Seðlabankinn að skipta um takt.

„Ef við erum til dæmis að fara að sjá ákall um launahækkanir til að bregðast við minni kaupmætti vegna aukinnar verðbólgu, þá verður Seðlabankinn neyddur til þess að bregðast við strax. Það er engin spurning," útskýrir Ásgeir.

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti um hækkun vaxta í gær í fyrsta sinn frá því í nóvember 2018 – úr 0,75 prósentum í 1 prósent – en verðbólgan mælist 4,6 prósent og hefur reynst þrálátari en áður var spáð og þá hafa horfur á efnahagsbata á komandi misserum batnað. Samkvæmt þjóðhagsspá bankans er útlit fyrir 3,1 prósents hagvöxt í ár en á árinu 2022 verði hann 5,2 prósent.

Seðlabankinn gerir ráð fyrir að verðbólgan hjaðni á næstu misserum og verði komin við 2,5 prósenta markmið um mitt næsta ár. Af hverju teljið þið að verðbólguþrýstingurinn sé aðeins tímabundinn?

„Það eru þrír tímabundnir kraftar sem eru að drífa verðbólguna áfram. Í fyrsta lagi er það lækkun gengisins á liðnu ári, en sú þróun er, að því er ég tel, ekki að fara að halda áfram. Það eru fremur líkur á því að krónan muni styrkjast þegar fram í sækir á árinu. Þá eru það þessar framboðstruflanir úti í heimi vegna farsóttarinnar, en líkur eru á því að sá vandi muni leysast og í síðasta lagi hef ég ekki trú á því að fasteignaverð muni halda áfram að hækka á sama hraða á komandi mánuðum og þannig ýta undir verðbólgu. Ef það verður reyndin þá mun það kalla á frekari aðgerðir Seðlabankans, mögulega beitingu þjóðhagsvarúðartækja til að tempra eftirspurn á fasteignamarkaði til þess að koma í veg fyrir eignabólu."

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir að núna séu að skapast góðar aðstæður fyrir einkageirann til að taka við sér í aukinni fjárfestingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við getum ekki lifað í einhverri hliðarveröld hérna á norðurhveli jarðar með því að hækka launin á allt öðrum hraða en aðrar þjóðir.**

Vaxtahækkun til að hemja eftirspurn

Á síðasta ári var talsvert framboð af nýjum íbúðum, eða um fjögur þúsund talsins, en eftir fall WOW air fóru sumir verktakar í vörn, sem dró úr umsvifum á byggingarmarkaði og veldur því að núna eru fyrirsjáanlega færri íbúðir að koma á markaðinn á næstu misserum en þörf er á.

Ásgeir viðurkennir að það sé að mörgu leyti „óþægileg staða" fyrir Seðlabanka Íslands að þurfa að bregðast við með vaxtahækkun til að hemja eftirspurn á íbúðamarkaði af því að það er skortur á framboði. „Það gæti þó hæglega gerst, sérstaklega þar sem íbúðaverð hefur bein áhrif á vísitölu neysluverðs," segir seðlabankastjóri.

Skortir á samhæfingu sveitarfélaga um lóðaframboð

Framkvæmdastjórar SA og SI gagnrýndu óskilvirkt starfsumhverfi byggingarmála í grein sem birtist í Markaðinum í gær og sögðu það valda því að húsnæði væri dýrara en það þyrfti að vera með miklum áhrifum á efnahagslífið „Umgjörð byggingarmarkaðarins er því áhættuþáttur í hagstjórn á Íslandi," sagði í grein þeirra.

Ásgeir segist aðspurður vera sammála þessu mati á stöðunni.

„Vandinn er í raun þríþættur. Það vantar í fyrsta lagi betri rauntímagögn um hversu margar íbúðir eru í byggingu hverju sinni og á hvaða stigi. Markaðsaðilar og verktakar eiga því erfitt með að gera áætlanir af því að þeir hafa ekki upplýsingar um heildarframboðið.

Þá hefur skort samhæfingu á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með framboð á nýjum byggingarlóðum. Þetta hefur sárlega vantað en ætti ekki að vera flókið að bæta úr þar sem það er tiltölulega auðvelt að spá fyrir um lýðfræðilega þróun á Íslandi."

Að lokum nefnir Ásgeir að áherslur í skipulagsmálum hafi litið fram hjá áhrifum á lóða- og húsnæðisverð.

„Ef halda á aftur af hækkunum á fasteignaverði verða sveitarfélögin að koma með lóðir og hverfi til uppbyggingar í reglubundnum takti – sem helst í hendur við fjárfestingu í innviðum. Framkvæmd eins og Sundabrautin myndi opna leið fyrir Reykjavíkurborg til að reisa nýja byggð, inn með sundunum með góðri tengingu við miðbæinn. Skipulagið þarf því að takast betur á við húsnæðisstefnu stjórnvalda sem og kjarastefnu á vinnumarkaði. Það er lítið gagn í því ef launahækkanir tapast með hækkunum á fasteignaverði."

Séríslensk hugsun

Ásgeir nefnir að horfa verði til „íslensku óvissuþáttanna" og vísar til vinnumarkaðarins og ríkisfjármála.

„Það er orsakasamband á milli launa og verðbólgu, og það sama má segja um ríkisútgjöldin, en það liggur fyrir að hið opinbera hefur verið á útopnu til að bregðast við efnahagslegum áhrifum farsóttarinnar."

Þegar rætt er um ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á þeirri stöðu sem nú er að teiknast upp bætir Seðlabankastjóri því við að þeir verði að átta sig á því „að við getum ekki lifað í einhverri hliðarveröld hérna á norðurhveli jarðar með því að hækka launin á allt öðrum hraða en aðrar þjóðir og telja okkur síðan trú um að það hafi ekki afleiðingar fyrir verðbólgu og gengisstöðugleika. Þetta er einhver séríslensk hugsun sem hefur margoft sýnt sig að gengur ekki upp."

Ásgeir heldur áfram og segir að með þeim aðgerðum sem gripið var til, af hálfu Seðlabankans og stjórnvalda, hafi tekist að milda efnahagsáfallið og núna séu góðar aðstæður fyrir einkageirann til að taka við sér. Efnahagsreikningar heimila og fyrirtækja eru sterkir og fjármálakerfið stendur afar traustum fótum, með alla burði til að auka útlán til fyrirtækja og ýta undir fjárfestingu. Tiltölulega hagstætt gengi krónunnar ásamt lágum vöxtum ætti að styðja enn frekar við kröftuga viðspyrnu."

Seðlabankastjóri bendir á að atvinnuvegafjárfestingin muni ólíklega verða í ferðaþjónustu. „Við þurfum ekki frekari fjárfestingar þar – að minnsta kosti í bili – heldur blasir nú við að nýta það sem þegar hefur verið byggt upp. Ný fjárfesting hlýtur að verða í öðrum atvinnugreinum."

Létt mikið á ríkisfjármálunum

Framhaldið veltur mikið á því hvernig aðilar vinnumarkaðarins – verkalýðsfélögin og hagsmunasamtök atvinnurekenda – og stjórnvöld, bregðist við á næstunni. „Ef það verður ekkert lát á hallarekstri ríkissjóðs eftir lok farsóttarinnar, eða við sjáum áframhald á launahækkunum sem eru margfaldar á við það sem þekkist í öðrum löndum, þá er ljóst að það verður auðvelt að eyðileggja þá góðu samkeppnisstöðu sem við njótum núna," segir seðlabankastjóri.

Seðlabanki Íslands er sá fyrsti í hinum vestræna heimi sem hækkar vexti áður en faraldrinum hefur slotað og atvinnuleysi mælist 11 prósent. Ásgeir segir að það trufli sig ekki.

„Þetta sýnir þvert á móti að peningastefnan hefur virkað afskaplega vel. Í mörgum ríkjum beggja vegna Atlantshafsins hafa seðlabankar verið að reyna að örva eftirspurn með því að beita margvíslegum óhefðbundnum aðgerðum, til viðbótar við hallarekstur ríkissjóða, án þess að það hafi alltaf skilað árangri. Við vorum í þeirri stöðu að geta lækkað vexti umtalsvert á sama tíma og gripið var til aðgerða til að auka laust fé í umferð og búinn var til rammi fyrir mögulega íhlutun á ríkisskuldabréfamarkaði sem þurfti síðan lítið að beita þegar á reyndi. Núna erum við í þeirri stöðu að þurfa að tempra kerfið aðeins og senda þau skilaboð að við erum að sjá fram á efnahagsbata," útskýrir Ásgeir, og bætir við:

„Sjálfstæð peningastefna hefur létt mikið á ríkisfjármálunum og þannig sparað skattgreiðendum háar fjárhæðir. Að öðrum kosti hefði ríkissjóður þurft að vera einn með fótinn á bensíngjöfinni – og eyða því enn meiri peningum í því skyni að reyna að ýta undir eftirspurn og örva hagkerfið," segir seðlabankastjóri, og furðar sig á því að þetta sé ekki haft í huga þegar stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir að hafa ekki beitt ríkisfjármálunum af enn meiri krafti en samt var gert. ■

100% rafræn viðskipti Fjármögnun á staðnum Ástandsskoðun

SUMAR TILBOÐ

ALLT AÐ 700.000 kr. AFSLÁTTUR!

Heilsaðu ferðasumrinu á nýjum notuðum bíl
www.bilaland.is

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

FORD Fiesta ST-Line
Nýskr. 05/17, ekinn 22 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

TILBOÐ! 1.890.000 kr.

***22.600 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

TOYOTA Yaris Live
Nýskr. 08/19, ekinn 49 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.190.000 kr.

TILBOÐ! 1.790.000 kr.

***21.424 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**

RENAULT Megane Zen Sport Tourer
Nýskr. 03/17, ekinn 55 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐ! 1.990.000 kr.

***23.777 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 05/18, ekinn 96 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.790.000 kr.

TILBOÐ! 2.390.000 kr.

***28.483 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **300.000 KR.**

HYUNDAI i10 Comfort
Nýskr. 06/16, ekinn 53 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.190.000 kr.

TILBOÐ! 890.000 kr.

***10.834 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **700.000 KR.**

KIA Soul Luxury 27 kwh
Nýskr. 03/16, ekinn 60 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 2.390.000 kr.

TILBOÐ! 1.690.000 kr.

***20.247 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**

NISSAN Micra Tekna dísil
Nýskr. 09/18, ekinn 29 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.490.000 kr.

TILBOÐ! 1.990.000 kr.

***23.777 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **500.000 KR.**

RENAULT Captur Zen
Nýskr. 02/18, ekinn 84 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.890.000 kr.

TILBOÐ! 1.390.000 kr.

***16.717 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 01/19, ekinn 80 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.190.000 kr.

TILBOÐ! 4.790.000 kr.

***56.722 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

DACIA Duster Comfort 4wd
Nýskr. 04/18, ekinn 79 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.790.000 kr.

TILBOÐ! 2.390.000 kr.

***28.483kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **600.000 KR.**

HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 03/19, ekinn 72 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

TILBOÐ! 1.990.000 kr.

***23.777 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

DACIA Sandero
Nýskr. 03/18, ekinn 72 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.290.000 kr.

TILBOÐ! 890.000 kr.

***10.834 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **600.000 KR.**

NISSAN Pulsar Acenta
Nýskr. 03/18, ekinn 53 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.190.000 kr.

TILBOÐ! 1.590.000 kr.

***19.071 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **600.000 KR.**

HYUNDAI Ioniq Style 28 kWh
Nýskr. 08/19, ekinn 23 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 4.290.000 kr.

TILBOÐ! 3.690.000 kr.

***43.780 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR **400.000 KR.**

RENAULT Megane IV Zen
Nýskr. 06/18, ekinn 34 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.790.000 kr.

TILBOÐ! 2.390.000 kr.

***28.483 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

Við erum í spjallfæri á **www.bilaland.is**

Traust og **áreiðanleiki** skiptir máli.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

www.facebook.com/bilaland.is

Lykill

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bilaláns frá lykill.is er breytilegur og kjör láns miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tima.

ENNEMM / SÍA / NM005986

Hrútfell er fjallarisinn við Kjöl og afar tignarlegt, sérstakleag norðan megin þar sem skriðjöklar Regnabúðajökuls steypast niður hlíðar þess. MYND/LEIFUR HÁKONARSON.

Hvíthærði Hrúturinn á Kili

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Kjölur er landsvæði á miðhálendi Íslands milli Langjökuls og Hofsjökuls. Yfir hann liggur 165 km langur Kjalvegur í tæplega 700 m hæð, sem fyrr á öldum var helsta samgönguleiðin milli Suður- og Norðurlands. Efst á Kili eru sandar og hraun í aðalhlutverki á milli lágreistra fjalla og áðurnefndra jökulskjalda. En þarna eru líka hærri fjöll eins og Kjalfell (1.000 m) og risinn sjálfur, Hrútfell, sem nær 1.410 m hæð. Ofan á því er 10 ferkílómetra ávalur og hratt dvínandi jökull sem heitir Regnbúðajökull eða Regnbogajökull. Síðarnefndu nöfnin eru reyndar skagfirsku nöfnin á Hrútfelli, en ekki er óalgengt að íslensk fjöll beri tvö nöfn. Hrútfell er stapi sem varð til við gos undir ísaldarjökli og er líkt og svo mörg íslensk fjöll nefnt eftir íslensku sauðkindinni. Norðan megin steypast niður af því fimm brattir skriðjöklar, eins og hvítt hár, og er sú hlið því tilkomumest.

Ganga á Hrútfell er frábær skemmtun en nokkuð krefjandi. Skammt frá Fremriskúta er ekið af Kjalvegi eftir torfærum jeppaslóða í norðvestur að göngubrú yfir Fúlukvísl. Nokkrum km vestar er lítill en vinalegur skáli Ferðafélags Íslands í Þverbrekknamúla. Þar er tilvalið að gista eða slá upp tjaldi og virða fyrir sér Hrútfell úr fjarlægð. Frá skálanum er gengið beint í vestur að rótum fjallsins. Snemma vors má oft þræða á mannbroddum snjóskafla í suðausturhlíðum þess upp á brún Regnbúðajökuls. Hefðbundnari gönguleið liggur vestan lítils vatns suður af fjallinu. Þar eru brattar skriður þræddar upp að vörðu við brúnina og eru þær lausar í sér og gönguslóði því lítt sjáanlegur. Af brúninni tekur við klukkustundar aflíðandi ganga að hæsta punktinum. Þar sést vel yfir að Langjökli, Skriðufelli og Hvítárvatni. Norðan þess sést dyngjan Sólkatla og beint í vestur klettastapinn Fjallkirkja (1.177 m). Í norður sér yfir Kjalhraun og Þjófadali, í austur Hofsjökul og aðeins sunnar Kerlingarfjöll, Heklu og Bláfell. Best er að halda sömu leið til baka og láta bratta skriðjökla Regnbúðajökuls eiga sig. Gangan fram og til baka frá Þverbrekknamúla eru tæpir 18 kílómetrar og tekur daginn. Sprækt göngufólk getur hæglega tvinnað saman fjallgöngu á Hrútfell og nokkurra daga gönguferð um Kjalveg hinn forna. Er þá oftast gengið frá Hveravöllum niður á Hvítárnes með viðkomu í Þjófadölum og Þverbrekknamúla. ■

Kjalfell sést víða að af Kili og er ekki síður tilkomumikið í vetrarbúningi. MYND/ÓMB

Útsýni af hæstu bungu Hrútfells að Fjallkirkju í Langjökli. MYND/LEIFUR HÁKONARSON.

FJALLA KOFINN

SCARPA®
gönguskór

MISTRAL GTX - Dömu og herra
Verð 31.995 kr.

MAVERICK MID GTX - Dömu
Verð 34.995 kr.

RUSH MID GTX - Dömu og herra
Verð 34.995 kr.

TERRA GTX - Dömu og herra
Verð 34.995 kr.



MESCALITO MID GTX - Dömu og herra
Verð 45.995 kr.

HEKLA GTX - Dömu
Verð 59.995 kr.

LADAKH GTX - Herra
Verð 59.995 kr.

RIBELLE HD - Dömu
Verð 61.995 kr.

RIBELLE HD - Herra
Verð 61.995 kr.

Kringlan 7 I Laugavegur 11 I S: 510 9505 I fjallakofinn.is

Áfengishöftin

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Vínsali hér í bæ, Arnar Sigurðsson, komst nýlega í fjölmiðla vegna starfsemi sinnar, sem felst í því góða þjónustuhlutverki að selja áfengi á netinu. Íslendingum er bannað ansi margt en þeir mega kaupa áfengi í gegnum erlendar netverslanir. Arnar er ekki einn um áfengissölu á netinu, þar eru blessunarlega fleiri fyrir hér á landi. Hann vildi hins vegar vera þjóðlegur og vinna um leið á hagkvæman hátt og opnaði netverslun fyrir íslenskan markað. Lagerinn er á Íslandi og hægt er að fá vörurnar afhentar samdægurs og þær munu meira að segja vera á fremur hagstæðu verði. Þetta hljómar sérlega vel en má víst ekki. Nú blasa við Arnari alls kyns kærur fyrir það eitt að hafa heilbrigt og glöggt viðskiptavit.

Landsmenn hafa búið svo lengi við einokun ÁTVR að þeir hafa fæstir haft hugmyndaflug til að ímynda sér aðra möguleika við kaup á áfengi en að eiga viðskipti við fyrirtækið. Margir hafa örugglega ekki áttað sig á því að hægt væri að kaupa áfengi hjá netverslunum. Nú vita þeir af því, þökk sé fréttum fjölmiðla, og búast má við að netsala á áfengi muni í kjölfarið taka kipp.

Enn á ný opinberast hræsnin og þversagnirnar sem eru ríkjandi í áfengismálum hér á landi. Heimilt er að kaupa áfengi á erlendum netsíðum en ef lagerinn er á Íslandi þá þykir ástæða til að banna það. Hið sama gildir um áfengisauglýsingar. Þær blasa við öllum í erlendum fjölmiðlum og á erlendum netsíðum en ef þær sjást í íslensku dagblaði þá fær ritstjóri háa sekt og um leið er ætlast til að hann bukti sig og beygi í einlægri iðrun. Á sama tíma fær ÁTVR að leika lausum hala á auglýsingamarkaði og auglýsa starfsemi sína út um allar trissur.

Íslensk stjórnvöld hafa ætíð daðrað við forræðishyggju og haftastefnu, í mismiklum mæli þó. Þegar kemur að áfengi hefur forræðishyggjan verið hafin upp í æðra veldi. Sjálfkrafa er gert ráð fyrir því að þjóðinni sé ekki treystandi til að fara með vín og nauðsynlegt þykir að hafa vit fyrir henni. Þannig upphefjast skrækir og gagg í hvert sinn sem varpað er fram þeirri sjálfsögðu hugmynd að áfengi verði til sölu í matvöruverslunum. Slíkt er sagt vera uppskrift að súrrandi alkóhólisma meðal þjóðarinnar. Á sínum tíma heyrðust svipuð rök frá andstæðingum þess að bjórsala yrði leyfð hér á landi. Ekki rættust þær dómsdagsspár.

Í þessum málum, sem og öðrum neytendamálum, á almenningur að hafa valfrelsi og samkeppni á að vera ríkjandi. Ekkert bendir þó til þess að ríkur vilji sé til þess hjá löggjafanum. ÁTVR setur síðan upp geislabaug og segist fylgja kraftmiklum lýðheilsusjónarmiðum. Slík fullyrðing kallar á að maður hvái. Sá sem fer í áfengisverslun er ekki að kaupa hreina hollustu, hann er að gera sér dagamun – eins og oft er svo gott og sjálfsagt að gera. Í þeim efnum ber hver og einn ábyrgð á sjálfum sér.

Það á að treysta dómgreind neytenda og gefa þeim frjálst val við kaup á áfengi. Einhverjir súpa eflaust hveljur við slíka tilhugsun en þeir hinir sömu hljóta því miður að flokkast sem bandamenn haftastefnu. ■

> Þegar kemur að áfengi hefur forræðishyggjan verið hafin upp í æðra veldi.

AÐALFUNDUR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

verður haldinn mánudaginn 31. maí 2021 og hefst kl. 20.00.
Stjórn HRFÍ boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður í Verslunarskóla Íslands, bláa sal og hefst kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ
3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil
6. Lagabreytingar
7. Kosning formanns og stjórnarmanna skv. 10.gr laga félagsins.
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara
9. Kosning siðanefndar
10. Önnur mál
    - Tilboð í fasteign Síðumúla 15 lagt fram til samþykktar

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.hrfi.is

Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Frelsið
Almannarómurinn á Twitter virðist almennt sáttur, og rúmlega það, við skeytasendingar Gísla Marteins Baldurssonar á meðan hann lýsti fyrri forkeppni Eurovision á þriðjudagskvöld. Þykir hann hafa hitt sérlega vel í mark með ábendingu um að framlag Ísraels, lagið Set me free í flutningi Eden Alene, væri aðeins sígilt ástarlag en ekki um þá Palestínumenn sem eru fangar í eigin landi. Á Facebook lagði Hallgrímur Helgason rithöfundur út af frammistöðu Gísla Marteins og benti á þá, sem hann kallar miður skemmtilegu staðreynd, að Eurovision-kynnirinn okkar hefði meira málfrelsi en ríkisstjórnin.

Fingrafettingar
Grindvíkingurinn Björn Birgisson, samfélagsrýnir á Facebook, leggur glósur Gísla Marteins einnig á pólitískar vogarskálar og telur ekkert við þær að athuga þar sem þær byggi á einhverju sem sé á allra vitorði. „En pólitíkin er þannig að sumt má ekki segja og þannig leggur pólitíkin sannleikann og lygarnar að jöfnu – og notar hvort tveggja einnig að jöfnu. Einmitt þess vegna verður hún jafn ógeðsleg og oft gerist.“ Björn snupraði einnig Gunnar Braga Sveinsson fyrir að „fetta fingur út í saklaus ummæli“ Gísla Marteins. ■

Umboðsmaður barna með starfsstöð á Ísafirði

Salvör Nordal
umboðsmaður barna.

> Barnaþing er mikilvægur þáttur í að ná til barna út um allt land.

Starfsfólk umboðsmanns barna heldur til á Ísafirði þessa vikuna og heimsækir nágrannabyggðir. Tilgangur heimsóknarinnar er að efla tengsl embættisins við sveitarfélögin á svæðinu og hitta þá sem starfa að málefnum barna á norðanverðum Vestfjörðum. Umboðsmaður barna heimsækir grunnskóla á svæðinu en eitt helsta markmið dvalarinnar er að eiga samtal við þau börn sem búa á svæðinu og heyra hvað brennur á þeim.

Þetta er í annað sinn sem umboðsmaður barna flytur starfsstöð sína út á landsbyggðina með þessum hætti en í mars 2020 dvaldi starfsfólk embættisins á Egilsstöðum í eina viku og tókst sú heimsókn afar vel. Þrátt fyrir smæð embættisins hefur það ætíð leitast við að heimsækja skóla og sveitarfélög víða um land með það að markmiði að ná til sem flestra barna. Embættið hyggst á næstu árum efla verulega tengsl sín við landsbyggðina með markvissum heimsóknum í sveitarfélög landsins og ráðgerir að allir landshlutar verði heimsóttir með þessum hætti á næstu árum.

Hlutverk umboðsmanns barna er að efla þátttöku barna í samfélaginu og vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna þeirra á öllum sviðum.

Barnaþing er mikilvægur þáttur í að ná til barna út um allt land. Þingið er haldið annað hvert ár en það fyrsta fór fram í nóvember 2019 og heppnaðist það einstaklega vel. Umboðsmaður mun halda annað Barnaþing í nóvember á þessu ári en 350 börn víða að af landinu hafa nú þegar fengið boð um að taka þátt. Barnaþingi er ætlað að styrkja lýðræðislega þátttöku barna og niðurstöður þingsins verða kynntar ríkisstjórn.

Með því að efla samráð embættisins við börn með þessum hætti er ætlunin að styrkja það hlutverk umboðsmanns að vera talsmaður barna af öllu landinu og tryggja að sjónarmið þeirra skili sér í stefnumótun stjórnvalda og ákvarðanatöku. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Afglæpavæðing hafta

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Afglæpavæðing fíkniefna er mikið til umræðu. Fyrir Alþingi liggur annað stjórnarfrumvarp, sem framselur ákvörðunarvald um gjaldeyrishöft til Seðlabankans. Segja má að það feli í sér eins konar afglæpavæðingu gjaldeyrishafta.

Báknið fær meiri völd

Í bókinni Áhættudreifing eða einangrun frá 2014 segja Ásgeir Jónsson núverandi Seðlabankastjóri og Hersir Sigurgeirsson ráðgjafi hans, að þeirri skoðun hafi vaxið fylgi innan hagfræðistéttarinnar að „sjálfstæð peningamálastefna sé í raun ómöguleg fyrir smærri myntsvæði nema því aðeins að hún sé studd með höftum."

Gjaldeyrishaftafrumvarp ríkisstjórnarinnar byggir því á faglegum og raunsæjum forsendum. En það breytir ekki hinu að með því er stigið risaskref í átt til aukins stjórnlyndis í íslenskum efnahagsmálum.

Stundum er orðið bákn notað um ríkisstofnanir. Í þeim skilningi er þetta stærsta skrefið í langan tíma til að blása út völd báknsins.

Ávinningur og fórnarkostnaður

Eftir hrun hefur Ísland fylgt Evrópuþróuninni og veitt Seðlabankanum heimild til að beita svokölluðum þjóðhagsvarúðarreglum. En hér er gengið miklu lengra og bankanum falið ótakmarkað umboð til að beita hvers kyns gjaldeyrishöftum.

Ávinningurinn verður vissulega stöðugri króna. Í raun verða gengissveiflurnar þó bara færðar yfir í haftasveiflur. Höftunum verður stundum beitt í ríkum mæli en í annan tíma í litlum skömmtum.

Vandinn er að haftasveiflurnar munu skapa verri viðskiptahindranir en gengissveiflurnar og virka sem enn áhrifaríkari fuglahræða á erlenda fjárfesta.

Fórnarkostnaðurinn er sá að það er ekki verið að auðvelda atvinnulífinu að hlaupa hraðar og ekki verið að plægja jarðveg fyrir nýsköpun og þekkingariðnað.

Síðbúin viðurkenning

Þegar vextir voru ákveðnir við ríkisstjórnarborðið var nær ógerlegt að beita þeim í hagstjórnartilgangi. Stjórnmálamenn, sem sæta kjöri á fjögurra ára fresti, freistast eðlilega til þess að láta skammtíma sjónarmið ráða fremur en langtíma.

Um leið og vaxtaákvarðanir voru afglæpavæddar og færðar í Seðlabankann og út á markaðinn breyttist þetta. Eins verður með höftin. Þau verða ekki lifandi stjórntæki nema í höndum Seðlabankans.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er síðbúin pólitísk viðurkenning á þeirri hagfræðikenningu, sem Seðlabankastjóri og ráðgjafi hans settu svo vel í íslenskt samhengi fyrir sjö árum.

Skila auðu

Viðbrögð Samtaka atvinnulífsins við þessari grundvallarbreytingu í átt til aukins stjórnlyndis eru umhugsunarefni.

Í umsögn benda þau vissulega á galla við ótakmarkaðar haftaheimildir en sneiða algjörlega hjá því sem mestu skiptir: Að ræða hagfræðilegu forsendurnar fyrir þessari ákvörðun og þá kosti sem við eigum til þess að komast hjá auknum viðskiptahindrunum. Þau skila því í raun auðu.

Hvers vegna? Tapar ekki allt atvinnulífið á auknum höftum? Málið er aðeins flóknara.

Gjaldeyrishaftakerfi virkar ekki nema með víðtækum undantekningum. Stærstu fyrirtækin njóta þeirra. Sum stærstu sjávarútvegsfyrirtækin hafa til dæmis nýtt hluta auðlindarentunnar til að kaupa upp iðnfyrirtæki, verslunarkeðjur, skipafélög og olíufélög.

Fyrirtækjablokkirnar munu njóta stærðarinnar og fá ívilnanir í haftakerfinu. Þær styrkja því stöðu sína gagnvart smáfyrirtækjum og nýsköpunarfyrirtækjum, sem höftin bitna á af fullum þunga.

Þetta sýnist vera baksviðið þegar Samtök atvinnulífsins geta hvorki rætt forsendur haftaheimilda né aðrar leiðir, þótt eitt helsta prinsipp frjálsra viðskipta sé í húfi.

Ögrun við velferðarkerfið

Söfnunarkerfi lífeyrisréttinda verður að líkindum fyrsta fórnarlambið.

Höft munu smám saman brjóta það niður. Það þrífst ekki nema með miklu meiri erlendum fjárfestingum, eins og seðlabankastjóri og ráðgjafi hans segja einnig í riti sínu.

> Söfnunarkerfi lífeyrisréttinda verður að líkindum fyrsta fórnarlambið.

Afglæpavæðing hafta er því einnig alvarleg ögrun við velferðarkerfið. Að auki mun hún veikja samkeppni og skerða hag neytenda.

Valið

Hitt er að stöðugt gengi og jafn frjáls milliríkjaviðskipti og grannlöndin njóta eru ekki ókeypis fremur en hádegisverðurinn. Verðið er sjálfstæð peningastefna.

Evra, eða gjaldmiðilssamstarf við Evrópusambandið eins og Danir eru með, eru hinir kostirnir. Klípan er: Það er ekki hægt að vera á móti höftunum nema vilja fara hina leiðina.

Samtök atvinnulífsins sitja hjá við þetta leiðarval. Með því taka þau í raun afglæpavæðingu hafta fram yfir frjáls viðskipti.

Frá sjónarhóli atvinnulífsins í heild og almannahagsmuna er hinn kosturinn þó augljóslega betri. ■

Hrindum aðförinni að Samkeppniseftirlitinu

Ólafur M. Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri Mjólku og Mjólkurbúsins KÚ

Aðför að Samkeppniseftirlitinu stendur yfir og fara þar fremstir í flokki helstu fákeppnismógúlar og brotamenn á samkeppnislögum undir hatti Samtaka atvinnulífsins. Nýverið kom fram nýr liðsmaður í þennan kór, Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, og heggur þar sá er hlífa skyldi.

Ari Edwald fyrrverandi forstjóri Mjólkursamsölunnar hefur beitt sér bæði innan Sjálfstæðisflokksins og SA og krafist þess að dregið verði úr valdheimildum SKE, einbeittari verður brotaviljinn ekki. Var gerður út sérstakur leiðangur á síðasta þingi í þessum tilgangi, en var þeirri aðför að mestu hrundið. Það fer ekki vel á því að fulltrúar helstu samkeppnisbrotamanna á landinu séu leiðsögumenn stjórnvalda, SA og SI í samkeppnisrétti hér á landi.

Ljóst er að engin samkeppni væri í dag á mjólkurvörumarkaði hefði SKE ekki skakkað leikinn og stöðvað framgöngu Mjólkursamsölunnar. Þannig væri mjólkurvinnslunni Örnu og Biobúi og öðrum ekki tryggð lífvænleg skilyrði til rekstrar ef ekki hefði komið til úrskurðar SKE í málefnum Mjólkurbúsins KÚ og Mjólku.

Þar stóðu starfsmenn SKE sig framúrskarandi vel og ekki síst forstjórinn Páll Gunnar Pálsson, sem mátti sæta óvægnum árásum Ara Edwald sem stýrði samkeppnisbrotafyrirtækinu MS. Að framkvæmdastjóri SI sé orðinn sólisti með þessum kór, er engan veginn viðeigandi, enda fjölmargir aðilar SI orðið að berjast fyrir tilveru sinni og brjótast inn á markaðinn.

Staðreyndin er sú að hér á landi er fákeppnismarkaður og mikil hringamyndun í kringum ákveðnar greinar, ítök atvinnulífsins í ákveðnum stjórnmálaöflum er langt frá því að geta talist eðlileg. Þannig er ákveðnum aðilum tryggður betri aðgangur að meiri gæðum og tækifærum en öðrum og það tryggt í gegnum pólitíska samtryggingu, eins og vel er þekkt.

Mér er það enn þá mjög minnisstætt þegar það rann upp fyrir mér að hörð hagsmunagæsla og í raun spilling einkenndi umfram annað stjórnsýsluna hér á landi og tengdist hún einnig pólitísku starfi. Á þeim tíma sat formaður verðlagsnefndar landbúnaðarins í 17 stjórnum fyrir hönd Kaupfélags Skagfirðinga. Þetta þótti eðlilegt og sjálfsagt og þáverandi landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, svaraði athugasemdum mínum um að þetta væri ekki við hæfi, með þessum orðum: „Ólafur Friðriksson er vandaður maður sem kemur hér til vinnu með stærtó alla daga.“

Alvarlegast er þó að ESB-tilskipun frá árinu 2014, nr. 104, um skaðabætur vegna brota á samkeppnislögum hefur ekki verið innleidd í íslensk lög. Sjö ár eru liðin frá því að þessi innleiðing hefði átt að eiga sér stað. SA leggst gegn þessari tilskipun og slær með því skjaldborg um brotamennina og þá sem skaða keppinauta sína með ólögmætum hætti, svo furðulegt sem það kann að hljóma.

Tilskipunin hefði styrkt réttarstöðu okkar sem brotið hefur verið á með afgerandi hætti og auðveldað okkur að sækja rétt okkar og tryggt réttláta málsmeðferð. Stjórnvöld verða að skýra hvers vegna ekki hafi tekist á nærri tveimur kjörtímabilum að ljúka málinu. Verður það að teljast algjört dugleysi. Vekur það enn meiri furðu þegar til þess er litið að farið var í sérstaka vegferð á Alþingi á síðasta þingi til þess að veikja stöðu Samkeppniseftirlitsins.

En samtryggingin er víða, þannig að nú stendur virtur prófessor, Stefán Már Stefánsson, sem hefur þegið umtalsverða fjármuni frá Bændasamtökum Íslands og fleiri aðilum tengdum landbúnaðinum, eftir á nýju fötum keisarans. Þar sem álit hans í áfrýjunarnefnd samkeppnismála stóðst enga skoðun og var hafnað á öllum dómstigum landsins. Betur hefði farið á því að hann hefði sagt sig frá málinu, enda algjörlega vanhæfur vegna vinnu sinnar fyrir BÍ. Það hefði verið alvarlegt ef SKE hefði ekki getað skotið niðurstöðu áfrýjunarnefndar til dómstóla í málefnum Mjólku og KÚ, ekki síst í ljósi þess hversu afdráttarlaus dómsniðurstaða Hæstaréttar var og alvarleika brotanna.

Því er mikilvægt að almenningur fylki liði að baki Samkeppniseftirlitinu enda verður frjáls og virk samkeppni ekki tryggð með öðrum hætti en að sterku eftirliti með leikreglum á markaði sé fylgt. Forstjóri SKE á að hafa skoðanir á samkeppnismálum og ber í raun skylda til þess, því er allt tal framkvæmdastjóra SI um annað hrein fortíðarþrá um gamaldags fákeppni. Því hvet ég SA og SI til að syngja eingöngu þagnirnar þegar kemur að því að flytja sónötuna um samkeppnisrétt og helst í stærtó, en gjarnan í öðru en nýju fötum keisarans.

Hrindum aðförinni að Samkeppniseftirlitinu, það er brýnt fyrir hagsmuni almennings. ■

> Ljóst er að engin samkeppni væri í dag á mjólkurvörumarkaði hefði SKE ekki skakkað leikinn og stöðvað framgöngu Mjólkursamsölunnar.

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 1.mgr. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2012-2022.

Virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu - Aðalskipulagsbreyting.
Breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að Hnútuvirkjun er breytt þannig að í stað 40 MW virkjunar verður gert ráð fyrir 9,3 MW virkjun. Iðnaðarsvæðinu er hnikað til, legu aðrennslis- og veituganga er breytt í samræmi við umhverfismat og grunnhönnun.
Samhliða eru auglýstar athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 28.apríl 2021.

Samkvæmt 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Skaftárhreppi.

Virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu – Deiliskipulagstillaga.
Um er að ræða nýtt deiliskipulag. Deiliskipulagið tekur til allra mannvirkja virkjunarinnar, bygginga, vega og annarra framkvæmda. Þá tekur deiliskipulagið til efnisnáma og efnislosunarsvæða, auk vegtenginga að þessum svæðum. Markmið deiliskipulagsins er að sýna fyrirhugaðar byggingar auk stíflumannvirkja og lóns. Stærð deiliskipulagssvæðisins er 84,2 ha.
Samhliða eru auglýstar athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 28.apríl 2021.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með **fimmtudeginum 20.maí til og með 1.júlí 2021.** Tillögurnar eru einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal skriflegum athugasemdum á netfangið bygg@klaustur.is eða beint á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

Iðjuþjálfun á Instagram

Andrea Björt Ólafsdóttir,
nemi í starfsréttindanámi
í iðjuþjálfun

Eva Björk Birgisdóttir,
nemi í starfsréttindanámi
í iðjuþjálfun

Sigríður Arna Lund,
nemi í starfsréttindanámi
í iðjuþjálfun

Mikilvægt er að fólk í háskólahugleiðingum eigi kost á því að kynna sér reynslu og upplifun háskólanema af námi í iðjuþjálfun ásamt því að vera upplýst um námsleiðina. Þegar við sóttum um í iðjuþjálfunarfræði vissum við lítið sem ekkert hvað iðjuþjálfun var og höfðum ekki heyrt um fagstéttina áður. Þetta er eitthvað sem við teljum ábótavant og því finnst okkur mikilvægt að iðjuþjálfunarstéttin leggi sig fram við að vera sýnileg í nútímasamfélagi á tímum tæknivæðingar og því höfum við sett á laggirnar Instagram-síðuna idjuthjalfun.

Á Instagram-inu idjuthjalfun er lögð áhersla á að kynna nám í iðjuþjálfun á Íslandi og sýna fram á fjölbreytileikann og tækifærin að námi loknu. Auk þess er Instagram-síðan fræðslumiðill fyrir fólk sem vill vita meira um iðjuþjálfun þar sem fróðleikur og hugtök um iðjuþjálfun koma fram. Instgram-ið getur auk þess eflt og tengt iðjuþjálfunarsamfélagið enn frekar, þar sem iðjuþjálfunarnemar og iðjuþjálfar segja frá sjálfum sér og sínum verkefnum.

Nauðsynlegt er að fjölga iðjuþjálfum á Íslandi en á komandi tímum mun framboð iðjuþjálfa ekki svara eftirspurn að sögn Þóru Leósdóttur, núverandi formanns Iðjuþjálfafélagsins. Þóra nefndi einnig að nær ekkert atvinnuleysi er í iðjuþjálfunarstéttinni (munnleg heimild, 22. apríl 2021) og því er tilvalið fyrir fólk sem vill auka líkur sínar á öruggri atvinnu og hefur áhuga á að efla heilsu og lífsgæði einstaklinga að sækja um í iðjuþjálfun! Námið er auk þess alþjóðlega viðurkennt og býður upp á mörg tækifæri. Hvetjum alla til þess að fara inn á Instagram-síðuna idjuthjalfun og kynna sér námið og störf iðjuþjálfa.

Við viljum einnig benda fólki á þáttinn Þú veist betur, um iðjuþjálfun, sem má finna á Spotify. Þar ræðir Atli Már við Andreu Björt um fortíð, nútíð og framtíð iðjuþjálfunar á skemmtilegan og áhugaverðan hátt. ■

Toppurinn í útivist

Hilleberg Nallo 2GT
2 manna göngutjald. 2,9kg
185.995,-

Vango Pulsar Pro 300
3 manna göngutjald. 3,75kg
55.995,-

Vango Mirage Pro 200
2 manna göngutjald. 3,02kg
48.995,-

Vango Nevis 100
1 manns göngutjald. 1,7kg
22.995,-

Vango Tempest Pro 200
2 manna göngutjald. 2,7kg
45.995,-

Vango Skye Air 400
"Air Beam" súlur. 4 manna
85.995,-

Vango Stargrove II Air 450
"Air Beam" súlur. 4 manna
155.995,-

Vango göngustafir
Margar gerðir
Verð frá 9.995,-

Mammut Ducan 24
Frábær bakpoki í dagsferðir
23.995,-

Mammut svefnpokar
Margar gerðir
Verð frá 27.995,-



Klymit Static V
Létt og fyrirferðalítil dýna
12.595,-

Vango Ultralite Stove
Lítil og létt gaseldavél
6.595,-

Rudy Project Spinshield
Flott glerugu á hjólið eða í hlaupin
17.595,-

Mammut Aconcagua Light
Milliag herra. Polartec® Flís
21.995,-

Mammut Runbold
Léttar göngubuxur fyrir dömur
19.995,-

Mammmut Sertig Low GTX
Léttir og góðir göngu/hlaupaskór
24.995,-

Vango Magma Flask
500ml, 750ml, 1000ml.
Verð frá 2.495,-

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · MAMMUT SWISS 1862 · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Hermann er kominn í starf hjá KSÍ.

Hermann ráðinn til að aðstoða Davíð Snorra

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson hefur verið ráðinn aðstoðarþjálfari U-21 landsliðs karla í knattspyrnu og mun hann því starfa með Davíð Snorra Jónassyni, sem ráðinn var þjálfari liðsins í janúar síðastliðnum.

Á þjálfaraferlinum hefur Hermann starfað sem aðalþjálfari í efstu deildum karla og kvenna hér á landi – þjálfaði karlalið ÍBV sumarið 2013, karlalið Fylkis árin 2015-2016 og kvennalið Fylkis 2017.

Þá hefur hann starfað sem þjálfari í ensku deildarkeppninni hjá Southend United og í indversku deildinni hjá Kerala Blasters.

Hermann hefur þjálfað meistaraflokk karla hjá Þrótti Vogum síðan 2020 og mun hann halda því áfram samhliða starfinu með U21 landsliði karla. ■

Vallarklukkunni sem olli usla í Mýrinni skipt út

kristinnpall@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á nýjasta fundi ráðsins að bæta tíu milljónum króna við framkvæmdaáætlun ársins til að endurnýja markaklukku í Mýrinni, heimili Stjörnunnar í handbolta.

Umrædd klukka var til umfjöllunar fyrr á þessu tímabili þegar mistök vallarstarfsmanns urðu til þess að leika þurfti leik Þórs/KA og Stjörnunnar á ný. Í hálfleik bætti einstaklingur á ritaraborði Stjörnunnar við marki hjá Akureyringum en mistökin komu ekki í ljós fyrr en eftir leik. Stjarnan kærði úrslit leiksins og komst áfrýjunardómstóll HSÍ að því að leikurinn yrði leikinn á ný eftir að dómstóll HSÍ hafði ákveðið að úrslitin skyldu standa. ■

Reynt að einangra mig frá umræðu um að fresta Ólympíuleikunum

Þegar tveir mánuðir eru í Ólympíuleikana er sundkappinn Anton Sveinn McKee að æfa af krafti í Bandaríkjunum. Hann segist lítið geta velt sér upp úr sögum um frestun eða aflýsingu leikanna enda sé það ekki í hans höndum.

kristinnpall@frettabladid.is

Anton Sveinn lenti í fjórða sæti í kjöri íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SUND „Ég var að fá seinni skammtinn af bóluefni í vikunni. Hér í Bandaríkjunum er hægt að skrá sig í bólusetningu og þetta er mikill léttir. Að smitast af veirunni hefði raskað verulega undirbúningnum fyrir Ólympíuleikana og nú get ég strokað þær áhyggjur út," segir Anton Sveinn McKee sundkappi, léttur í lund, aðspurður hvernig undirbúningnum fyrir Ólympíuleikana í Tókýó sé háttað þessa dagana.

Rétt rúmir tveir mánuðir eru í að Ólympíuleikarnir eigi að hefjast í Japan eftir að þeim var frestað í fyrra vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. Anton hefur því þurft að bíða lengi eftir sínum þriðju Ólympíuleikum en hann segist vera á nokkuð góðum stað líkamlega.

„Undirbúningurinn gengur vel, hef náð að æfa mjög vel og keppti í fyrsta sinn í langan tíma hérna í Bandaríkjunum á dögunum. Tíminn minn þar var mjög góður og ég var að ná upp svipuðum hraða og þegar ég er upp á mitt besta. Ég myndi því segja að ég væri á góðum stað miðað við hvað ég hef lítið keppt að undanförnu," segir Anton sem verður skiljanlega var við umræðu um að leikunum verði frestað á ný eða jafnvel aflýst vegna neyðarástands í Japan. Aðspurður segist hann lítið velta sér upp úr þeirri umræðu.

„Auðvitað er skrýtið að fylgjast með þessari umfjöllun. Maður heyrir fréttir af því að heimamenn vilji margir aflýsa leikunum en Alþjóðaólympíusambandið heldur því staðfast fram að leikarnir muni fara fram. Ég hef reynt að einangra mig frá þessari umræðu enda get ég lítið sem ekkert annað gert. Fyrir vikið einbeiti ég mér að hlutum sem ég get stjórnað. Líkamlega er ég í frábæru formi en ég hef verið að vinna í andlegu hliðinni undanfarið," segir Anton sem missti föður sinn undir lok síðasta árs.

„Síðustu mánuðir hafa verið erfiðir, andlega, eftir fráfall föður míns undir lok síðasta árs. Hann bjó til íþróttamanninn sem býr inni í manni og var alltaf til staðar. Það hefur verið erfiðara að keppa, vitandi að hann er ekki til staðar. Hann verður mér í hjartastað í Tókýó."

> Ég myndi segja að ég væri á góðum stað miðað við hvað ég hef lítið keppt að undanförnu.
>
> Anton Sveinn McKee

Anton ákvað að taka ekki þátt í Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug sem fer fram í Búdapest þessa dagana og einblína þess í stað á undirbúninginn fyrir þéttsetna dagskrá á seinni hluta ársins.

„Þetta var ákvörðun sem ég tók í samstarfi við Sundsamband Íslands. Evrópumótið er frábært mót en það hentaði ekki á þessum tímapunkti. Ég var staðsettur í Bandaríkjunum og ekki fullbólusettur. Það hefði því þurft að fara mikill tími í sóttkví, ferðalög og slíkt sem hefði komið niður á mikilvægum æfingatíma. Ég komst í mót í Bandaríkjunum hér sem var jákvætt til að finna þessa keppnistilfinningu á ný, " segir Anton sem keppir annað árið í röð fyrir hönd Toronto Titans í liðakeppni næsta haust.

„Samkvæmt áætlunum á tímabilið í atvinnumannadeildinni að hefjast mánuði eftir Ólympíuleikana og halda áfram inn í haustið. Þannig að öll mín stærstu mót eru á seinni hluta ársins og svo auðvitað EM í 25 metra laug."

Ummæli Antons á samfélagsmiðlum í vikunni um undanþáguna sem Eurovision-hópurinn fékk til að komast í bólusetningu vöktu mikla athygli en hann segir að það hafi verið gagnrýni á að afreksíþróttafólk hafi ekki fengið sömu undanþágu.

„Ég var ekki að setja út á það að Eurovision-hópurinn fengi bólusetningu," segir Anton hlæjandi og heldur áfram: „Þetta voru nokkurs konar vangaveltur um það afhverju afreksíþróttafólk fengi ekki sömu undanþágu ef það átti að veita undanþágu. Líkt og í Eurovision er oft margra ára undirbúningur að baki fyrir Ólympíuleikana. Það eru því miður dæmi um að íslenskir keppendur veikist af kórónaveirunni og missi af mikilvægum mótum og undirbúningi. Svo eru aðrir sem eru að ferðast um Evrópu að keppa í von um að ná lágmörkum. Allt þetta fólk er að reyna að fá að koma fram fyrir Íslands hönd og komast á ÓL. Það hefði verið gott fyrir þau að vera búin að fá bóluefni og þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu." ■

SJÓMANNADAGURINN

Í tilefni af sjómannadeginum 2021 ætlum við á Fréttablaðinu að gefa út sérblaðið Sjómannadagurinn, **laugardaginn 5. júní.** Fullt af áhugaverðu efni og viðtölum.

Forsíðuviðtalið verður við Hilmar Snorrason, skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Ruth Bergs
Sími 694-4103 ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA

WRIGLEY'S Extra®

FYRIR HREINAR OG FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmii

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir, tengdadóttir, mágkona og svilkona,

Bergdís Björt Guðnadóttir

Norðurbakka 9a, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans sunnudaginn 9. maí.
Útförin verður 21. maí í Víðistaðakirkju og hefst athöfnin klukkan 15. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.
Vegna aðstæðna er gestafjöldi takmarkaður en streymt verður frá athöfninni á slóðinni https://youtu.be/r50thXTRIOQ

Kristján Reinholdsson

Guðni Kolbeinn Pálsson
Júlía Kristjánsdóttir
Guðni Kolbeinsson
Hilmir Snær Guðnason
Kristín Berta Guðnadóttir
Reinhold Kristjánsson
Kolbrún Reinholdsdóttir
Kjartan Reinholdsson
Elín Lilja Kristjánsdóttir
Diljá Kristjánsdóttir
Lilja Bergsteinsdóttir
Bryndís Jónsdóttir
Hörður Sveinsson
Elín Þórðardóttir
Sigurjón Pálmason
Sigrún Magnúsdóttir

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Sigfús Magnússon

Hverfisgötu 23c í Hafnarfirði,

lést mánudaginn 10. maí.
Útförin fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði í dag kl. 13.00. Streymt verður frá athöfninni á https://youtu.be/kJVM-g8nca4

Anna Soffía Haraldsdóttir
Anna Haraldsdóttir
Sigurður Haraldsson
Magnús Haraldsson
Bragi Guðmundsson
Hallgrímur Tómas Ragnarsson
Valgerður G. Halldórsdóttir
Marisa Quinonez Corpuz

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Jóney Björnsdóttir

frá Hrappsstöðum, Hvammstangabraut 22, Hvammstanga,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga, mánudaginn 10. maí.
Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju þriðjudaginn 25. maí, klukkan 14.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtökin Hvammstanga.

Jóhannes Guðmundsson

Óskar S. Jóhannesson
Elísabet Jóhannesdóttir
Jóhannes R. Jóhannesson
Baldvin Þ. Jóhannesson
Berglind Jóhannesdóttir
Rósa Stefánsdóttir
Sigfús Þráinsson
Guðrún M. Birkisdóttir
Sigríður G. Sigmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæri eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Hilmar Þórarinsson

lést á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 10. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk Hilmars.

Birna E. Benediktsdóttir

Þórarinn Guðmundsson
Þórarinn Hilmarsson
Benedikt Kjartan Magnússon
Karitas María Lárusdóttir
Edda Þórarinsdóttir
Inga Þórarinsdóttir
Hulda Petersen
Ásta R. Thorarensen
Petrea I. Guðmundsdóttir
Gylfi Einarsson
Jón Ingi Guðmundsson
Baldur Bragason

og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Hafliði Ásgeirsson tæknimaður og Elsa Arnardóttir forstöðumaður við nálaþæfingarvélina. MYND/KOLFINNA KRISTÍNARDÓTTIR

Fjöður í hatt Blönduóss

Fyrsta stafræna smiðjan á sínu sviði hér á landi verður opnuð með mikilli viðhöfn á morgun, 21. maí, að Þverbraut 1 á Blönduósi. Um er að ræða Textíl-Lab sem tilheyrir Textílmiðstöð Íslands.

gun@frettabladid.is

„Nýrri tækni fylgja nýir möguleikar," segir Elsa Arnardóttir, forstöðumaður Textílmiðstöðvar Íslands á Blönduósi. Þar er hún að vísa til nýstárlegra verkfæra sem Textílmiðstöðin er að setja upp við Þverbraut 1. Um er að ræða fyrsta Textíl-Lab Íslands. „Við höfum verið með stafrænan vefstól í nokkur ár en nú voru að bætast við stafræn prjónavél, stafræn útsaumsvél og laserskeri. Líka nálaþæfingarvél, í henni er meðal annars hægt að vinna með íslensku ullina því hún þæfist svo vel." Elsa kveðst sjá fram á að öll þessi tæki bjóði upp á nýjar framleiðsluaðferðir í bland við eldri. „Innblástur í nýsköpunina kemur úr menningararfinum," tekur hún fram.

> Við höfum verið með stafrænan vefstól í nokkur ár en nú voru að bætast við stafræn prjónavél, stafræn útsaumsvél og laserskeri. Líka nálaþæfingarvél.

Ætlað fyrir landið allt

Textílmiðstöðin er þátttakandi í stóru Evrópuverkefni, Centrinno H020, með samstarfsaðilum í textíl, að sögn Elsu. „Við sóttum þar um styrk í Innviðasjóð og 75% af nýju tækjunum eru greidd úr honum. Það var grundvöllur þess að geta fjárfest í þeim," lýsir hún. Segir erlenda verkefninu hafa verið hleypt af stokkunum í september á síðasta ári, það muni standa í þrjú og hálft ár og stuðla að fjölbreyttu samstarfi og þekkingarmiðlun.

Nútímaleg vinnubrögð fylgja nýju tækninni. Elsa er spurð hvort hún kunni á græjurnar. „Ekki ennþá en hún Ragnheiður Björk Þórsdóttir, veflistakona og kennari, kann vel á stafræna vefstólinn. Fab-Lab er þekkt tækni víða um land og Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir á Sauðárkróki er ein sú flinkasta á Íslandi í að nýta laserskurðtækni, hún mun leiðbeina okkur með hana," segir Elsa bjartsýn. „Það sem hér er að gerast er ætlað fyrir landið allt, svo því sé haldið til haga. Við eigum eftir að fá til okkar nemendur í hönnun og einstaklinga úr ýmsum greinum því við ætlum okkur að byggja upp staðbundið en alþjóðlegt dreifnám."

Tveir ráðherrar klippa á þráðinn

Elsa segir stefnt að því að Textílmiðstöðin verði leiðandi í þróunarstarfsemi sem lýtur að nýsköpun úr íslenskum hráefnum svo sem ull og líftextíl, til dæmis úr lúpínu og kerfli. „En við ætlum líka að halda fast í hefðbundna handverkið því allt styður hvað annað."

Opnunarhátíð Textíl-Lab verður á morgun, 21. maí, klukkan 14. Þar verða ráðherrarnir Lilja Alfreðsdóttir og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir sem ætla í sameiningu að klippa á þráðinn og opna smiðjuna. ■

†

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórdís Jóhannesdóttir

Laugavegi 72,

lést uppstigningardag 13. maí, á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin auglýst síðar.

Þorgeir Pétur Svavarsson
Guðfinna Svavarsdóttir
Sigurrós Svavarsdóttir
Jóhanna Svavarsdóttir
Anna Þórný Annesdóttir
Friðbjófur Arnar Helgason
Páll Jónsson
Giovanni Rancitelli

og fjölskyldur.

†

Okkar elskaði faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristmann Eiðsson

kennari og þýðandi,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju 27. maí kl. 15.

Gauti Kristmannsson
Þorsteinn Kristmannsson
Kristmann Egill Kristmannsson
Eiður Páll S. Kristmannsson
Sabine Leskopf
Elísabet Benkovic Mikaelsdóttir
Herdís Pétursdóttir
Ólöf Gísladóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGABLAÐ

FIMMTUDAGUR 20. maí 2021

Systurnar Gigi og Bella Hadid hafa lýst yfir stuðningi við Palestínumenn undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Systur styðja Palestínumenn

hjordiserna@frettabladid.is

Systurnar og fyrirsæturnar Bella og Gigi Hadid vöktu mikla athygli á dögunum þegar þær létu í ljós stuðning sinn við íbúa Palestínu með fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum. Hadid-systurnar eru hálfpalestínskar en faðir þeirra Mohamed Hadid var fæddur þar í landi árið 1948 og neyddist til að flýja ásamt fjölskyldu sinni í kjölfar landnáms Ísraelsmanna.

Grófgagnrýni

Við eina myndina sem Bella deildi skrifaði hún: „Tilfinningin í hjarta mínu ... að vera umkringd svona mörgum fallegum, klárum, virðulegum, elskulegum, blíðum og örlátum Palestínumönnum á einum og sama staðnum ... mér líður eins og við séum heild! Við erum sjaldgæf tegund.“

Systurnar hafa fengið töluverða gagnrýni fyrir að tjá sig um þetta mikilvæga málefni og hafa einhverjir netverjar gengið svo langt að saka þær um andúð í garð gyðinga. Grófasta gagnrýnin kom hins vegar frá opinberum Twitter-reikningi Ísraelsríkis þar sem Bellu eru lögð orð í munn, hún fordæmd og sagt að skammast sín. Sú gagnrýni kom í kjölfar þess að Bella tók nýverið þátt í mótmælum gegn framgöngu Ísraels í þeim átökum sem nú geisa. Skemmst er frá því að segja að systurnar vísa þessari gagnrýni alfarið á bug. ■



Hjá Húðinni er lögð mikil áhersla á að dekra við viðskiptavini og gefa þeim um leið persónulega og faglega þjónustu. Síðustu ár hafa vinsældir húðmeðferða vaxið hratt og sérstaklega þeirra sem eru náttúrulegar og minnka ásýnd öldrunareinkenna, eyða hárum eða fríska upp á húðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frísklegra yfirbragð og heilbrigðari húð

Húðin skin clinic sérhæfir sig í húðmeðferðum sem gefa viðskiptavinum hennar unglegra og frísklegra yfirbragð. Stofan leggur mjög mikla áherslu á notalegt andrúmsloft, fagleg vinnubrögð og að viðskiptavinir séu ánægðir með þjónustuna, sem er alltaf persónuleg. 2

„Besta húðráðið er ávallt að hugsa vel um sig, til dæmis vernda húðina gegn sól, gefa sér tíma fyrir ró, fá góðan svefn og borða næringarríkan mat. Við fögnum því að eldast og allar okkar meðferðir byggja á að láta manni líða betur í eigin skinni," segir Lára G. Sigurðardóttir, læknir. „Markmiðið er ávallt að gefa frísklegra yfirbragð en ekki breyta útlitinu."

Hafa vinsældir fegrunarmeðferða aukist?
„Við erum smám saman að vakna til vitundar um að hlúa vel að húðinni og að til þess séu margar leiðir. Ótímabær öldrun húðar er ekki sjúkdómur, heldur oft og tíðum afleiðing einhvers konar álags," segir Lára. „Síðustu ár hafa vinsældir húðmeðferða vaxið hratt og sérstaklega þeirra sem minnka ásýnd öldrunareinkenna, eyða hárum varanlega eða bara fríska upp á húðina. Fólk sækist núorðið eftir náttúrulegum meðferðum sem breyta ekki útlitinu heldur bæta það og gera það frísklegra. Markmið okkar er alltaf að viðskiptavinurinn fari frá okkur ánægður og með betri sjálfsmynd en hann kom inn."

Hverjir koma í húðmeðferðir?
„Meirihluti viðskiptavina hefur verið konur á öllum aldri," segir Sigríður Arna. „Yngri konurnar koma oftar í háreyðingu og meðferðir til að minnka bólur og ör, á meðan þrítugar og eldri sækjast meira eftir að styrkja húðina, minnka andlitslínur, þétta húð og fá frísklegra útlit.

Karlmenn eru orðnir opnari fyrir húðmeðferðum, enda eiga meðferðirnar við bæði kynin. Yngri karlmennirnir, frá táningsaldri til þrítugs, koma oftar í húðslípun og háreyðingu en eldri í háræðaslitsmeðferð og háreyðingu á baki," útskýrir Sigríður Arna. „Karlar upp úr fertugu eru einnig farnir að koma í meðferðir sem þétta húð og minnka andlitslínur."

Hvers konar meðferðum sækist fólk eftir?
„Eftir 30 ára aldur byrjar styrkleiki og teygjanleiki húðarinnar að minnka og því er gott að byrja að hlúa vel að húðinni fyrr en seinna. Við fáum margar konur sem langar að draga úr öldrunareinkennum svo sem andlitslínum og slappri húð og kjósa því meðferðir sem vinna djúpt í húðinni, svo sem laserlyftingu eða dermapen," segir Lára. „Meðferðirnar sem vinna djúpt í húðinni gefa árangur sem er að koma fram í að minnsta kosti hálft ár, svo þær eru eins konar langhlaup. Þær auka kollagen húðar og eru einnig frábær, fyrirbyggjandi meðferð fyrir þau sem vilja viðhalda húðinni lengur.

Hýalúrónsýru-fylliefnin eru alltaf vinsæl því þau gefa árangur samstundis. Vinsælustu svæðin eru línan frá nefi og niður, munnvik og varir," segir Sigríður Arna. „Við leggjum upp úr því að nota minna en meira, svo náttúrulegt útlit haldist.

Varanleg háreyðing er vinsæl hjá báðum kynjum og öllum aldri. Einnig kjósa margir að láta fjarlægja háræðaslit úr andliti eða fótleggjum og þá kemur árangur oft strax í ljós," segir Sigríður Arna. „Húðslípun, sem hreinsar húðina og dregur úr bólum og fílapenslum er alltaf vinsæl og hentar fyrir allan aldur og ávaxtasýrur eru að koma sterkar inn, sérstaklega vægari sýrurnar frá Jan Marini og þær sem eru kröftugri frá Perfect Derma.

Fyrir þau sem eru óviss hvaða meðferð henti bjóðum við upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf við val á meðferð," tekur Sigríður Arna fram.

Meirihluti viðskiptavina Húðarinnar eru konur á öllum aldri og yngri konur sækjast yfirleitt eftir öðruvísi meðferðum en konur sem eru þrítugar og eldri. Karlmenn eru líka orðnir opnari fyrir húðmeðferðum, enda eiga meðferðirnar við bæði kynin. Yngri karlmenn sækjast líka eftir öðruvísi meðferðum en þeir sem eldri eru. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hýalúrónsýru-fylliefnin eru vinsæl því þau gefa árangur samstundis. Vinsælustu svæðin eru línan frá nefi og niður, munnvik og varir. Hjá Húðinni er lagt upp úr því að nota minna en meira, svo náttúrulegt útlit haldist. MYND/AÐSEND

Margir koma á Húðina til að láta fjarlægja háræðaslit úr andliti eða af fótleggjum og þá kemur árangur oft strax í ljós. MYND/AÐSEND

Faglegheitin og persónulegt viðmót heillandi

Kolbrún Pálína Helgadóttir, markþjálfi og fjölmiðlakona, er fastagestur Húðarinnar og segir mikilvægt að hlúa vel að húðinni, bæði að innan og utan, með hollum lífsstíl og góðri umhirðu.

„Ég hef alltaf hugsað vel um húðina með því að hreinsa hana vel og næra. En á svona klassískum handahlaupum eins og við þekkjum flest öll," segir hún. „Það að taka sér tíma fyrir sjálfan sig virðist alltaf verða það síðasta á listanum okkar, en ég ákvað meðvitað að laga forgangsröðina fyrir svolitlu síðan. Ég valdi því að huga enn betur að húðinni þar sem ég er jú að eldast, stunda mikið sund, sjóböð og útivist."

Hvaða meðferðir sækir þú hjá Húðinni?
„Ég á mér tvær algjörlega uppáhaldsmeðferðir sem eru annars vegar húðslípun, en hún hreinsar húðina mjög vel, léttir á fínum línum og gefur henni fallegri áferð. Hins vegar er það svo Cinderella meðferðin, sem er húðþétting," segir Kolbrún. „Meðferðin er ekki eiginleg lasermeðferð heldur byggir á nær-innrauðu ljósi sem hitar húðina á þægilegan máta og örvar kollagenframleiðslu hennar. Húðin verður þéttari og fær á sig meiri ljóma. Þessi meðferð hefur ekki sömu langtímaáhrif og laserlyfting en hún hentar vel fyrir tilefni þar sem mikið stendur til."

Af hverju valdirðu Húðina?
„Fyrir utan góðan árangur af meðferðunum hjá þeim og góða líðan sem fylgir því að gera eitthvað fyrir sjálfa sig þá er það án efa persónulega viðmótið og andrúmsloftið sem gerir Húðina að dásamlegri stofu," segir Kolbrún. „Móttökurnar eru hlýjar og dekrið byrjar um leið og þú stígur inn um dyrnar með heitum axlapúða og kaffibolla. Eins þykja mér faglegheitin heillandi, en þú mætir ekkert bara og ferð í einhverja meðferð. Þú færð persónulega ráðgjöf út frá þínum þörfum og þinni húðtegund svo þú getur treyst ferlinu."

Er fólk ekki nógu duglegt að leyfa sér dekur?
„Upp til hópa eiga margir erfitt með að taka ákvörðun um að leyfa sér dekur í einhverju formi eða taka sér tíma til að sinna sér og sínum þörfum. Þetta er eitthvað sem ég hef verið að stúdera mikið undanfarið sem markþjálfi," segir Kolbrún. „Af hverju við erum alltaf síðust á forgangslistanum okkar. Eins og það að elska sjálfan sig og sinna sér sé eitthvað sem ekki má. Það nefnilega má! Þar liggur oft töluverður misskilningur.



Kolbrún Pálína Helgadóttir kemur á Húðina á eins til tveggja mánaða fresti, enda er það hennar uppáhalds dekur. MYND/SAGASIG

Við eigum bara einn líkama og eina sál og það er undir okkur komið hvernig við förum með hann og hvernig okkur líður," segir Kolbrún. „Stundum þarf vissulega að forgangsraða til þess að koma aukinni sjálfsást að í lífið, en sú vinna skilar alltaf góðum árangri."

Hvernig hugsar þú um húðina dagsdaglega?
„Partur af því að taka ákvörðun um að hugsa betur um sjálfa mig var að fara aldrei að sofa nema vera búin að hreinsa húðina mjög vel og næra hana með góðum raka," segir Kolbrún. „Eins rúlla ég hana og nudda reglulega og örva þannig blóðflæðið. Maður nefnilega æfir allan líkamann en gleymir því stundum að hreyfa vöðva andlitsins.

Eins tek ég mikið inn af olíum og kollagen og reyni mitt allra besta til að halda vatnsdrykkjunni góðri. Svo er það auðvitað svefninn. Við vitum öll að ef hann er í lagi erum við í lagi og öfugt," segir Kolbrún. „Svo legg ég leið mína í Húðina á eins til tveggja mánaða fresti og ætla mér að halda því áfram, enda er það mitt allra mesta uppáhalds dekur."

> **Markmið okkar er alltaf að viðskiptavinurinn fari frá okkur ánægður og með betri sjálfsmynd.**
>
> Lára G. Sigurðardóttir

Hvað þarf að hafa í huga?
„Mikilvægt er að átta sig á hvaða væntingar viðkomandi hefur. Hjá okkur er ekki verið að breyta útlitinu að einhverju ráði heldur frekar draga úr öldrunareinkennum og auka frískleika húðarinnar," útskýrir Lára. „Við erum líka öll með misviðkvæma húð, sem þarf að taka tillit til. Heilsufarssögu þarf að skoða og hvort frábendingar séu til staðar. Til dæmis mega þau sem eru á sterkri bólumeðferð ekki fara í húðmeðferð í að minnsta kosti sex mánuði eftir að lyfjameðferð lýkur og fólk á ónæmisbælandi lyfjameðferð ætti ekki að gangast undir lasermeðferð nema að vel ígrunduðu máli."

Fylgir þessum meðferðum einhver áhætta?
„Það fer svolítið eftir hvaða meðferð er valin. Meðferðunum sem við bjóðum upp á fylgir lítil áhætta, en hver og einn bregst á ólíkan hátt við inngripi. Algengasta áhætta fylliefna er að það komi fram mar og bólga, sem hjaðnar á viku til tíu dögum," segir Lára. „Þegar unnið er djúpt í húðinni er alltaf smá hætta á sýkingu, en sé leiðbeiningum eftir meðferð fylgt þá er það afar fátítt. Í lasermeðferð er alltaf hætta á örmyndun og litabreytingum en það er afar sjaldgæft. Þannig að almennt séð er afar lítil hætta á fylgikvillum, þó að maður eigi aldrei gera lítið úr þeim."

Eru fordómar fyrir húðmeðferðum?
„Það eru alltaf einhverjir, en eins og með alla fordóma eru þeir byggðir á þekkingarleysi. Eftir því sem fólk kynnist því betur út á hvað meðferðirnar ganga minnka fordómarnir," segir Sigríður Arna. „Fólkið sem fer í húðmeðferðir gerir það aðallega fyrir sjálft sig. Unga kynslóðin er klárlega með minni fordóma og á líklega eftir að breyta viðhorfinu í samfélaginu enn meira. Við erum hér til að hjálpa öðrum að líða betur í eigin skinni."

Hvað ber að hafa í huga ef einhver vill breyta útlitinu?
„Mikilvægt er að koma til móts við fólk án þess að fara yfir strikið, taka tillit til væntinga og ráðleggja minna en meira. Einnig þarf viðkomandi að gera sér grein fyrir því að sumar meðferðirnar skila árangri strax en aðrar skila árangri til lengri tíma, í að minnsta kosti sex mánuði eftir hverja meðferð," segir Lára. „Þegar við förum í ræktina tekur tíma að byggja upp vöðva og það tekur líka tíma að byggja upp húð til að það verði sjáanlegur munur.

Undantekning er með hýalúrónsýru-fylliefnin, en þá sér maður strax mun. Oft er líka gott að blanda saman meðferðum til að ná góðum árangri," segir Sigríður Arna. „Við reynum einnig að benda fólki á það sem það getur sjálft gert til að auka fegurð húðarinnar."

Er þetta komið til að vera?
„Ég held ég geti sagt með fullri vissu að þetta sé komið til að vera og muni heldur aukast eftir því sem tækninni fleygir fram, enda er eftirsóknarvert að fara í náttúrulegar meðferðir sem gefa húðinni fallegra yfirbragð," segir Lára að lokum. ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is



hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Íslendingar eru djarfir eins og unglingar

Fatahönnuðurinn Helga Björnsson gerði garðinn frægan hjá franska tískurisanum Louis Féraud í París. Hún segist aldrei nógu ánægð með hönnun sína né alveg búin, en opnaði í gær vinnustofu og síbreytilegu búðina Atelier í Reykjavík.

thordisg@frettabladid.is

„Ég hef einfaldan fatastíl og er dagsdaglega látlaus til fara, oftar en ekki í svörtu, sem er ófrumlegt en svona er það nú samt. Ég er því alls ekki jafn litrík í tauinu og hönnun mín segir til um, en ég dáist að fólki sem þorir að klæðast litríkum og skrautlegum flíkum," segir fatahönnuðurinn Helga Björnsson.

Helga bjó frá táningsaldri og þar til fyrir fáeinum árum í París. Þar starfaði hún í hartnær þrjá áratugi sem aðalhönnuður franska tískuhússins Louis Féraud.

„Það sem situr eftir er reynslan og áhrif hátískuheimsins í París. Þegar ég lít til baka sé ég að hann hefur breyst mikið og er ekki sá sem hann var þegar ég vann í honum. Það voru mikil forréttindi að vinna við hlið Louis Féraud, en ég skildi það ekki þá og þótti sjálfsagt. Þar var maður með undursamleg gæðaefni sem maður dró af ströngum og klæddi á gínur og hugsaði aldrei um hvað þau kostuðu en viðlíka efni fást ekki hvar sem er í heiminum. Það situr líka í mér handbragðið og vinnubrögðin á saumastofunum og allir sem komu að hönnun hátískuhússins með bróderaðar blúndur, eðalsteina og fjaðrir. Maður gat bara hringt og beðið um hvað sem manni datt í hug til að skreyta klæðin, en hönnuðir gera ekki neitt einir síns liðs og þurfa á öllu þessu fólki úr rótgrónum fyrirtækjum sem höndla með djásn og dýrmæti á að halda," segir Helga þegar hún lítur um öxl.

Hún segir Íslendinga geta lært margt af Fransmönnum þegar kemur að tísku, sem og Frakkar af Íslendingum.

Helga Björnsson segist sjá í dag að hún hafi notið forréttinda að starfa við hlið Louis Féraud. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slæðurnar hennar Helgu eru hver og ein einstakt og litríkt listaverk.

Í Atelier vinnur Helga að fjölbreyttri hönnun sinni í opinni vinnustofu og í búðinni er meðal annars hægt að fá gullfallegar slæður Helgu, litrík listaverk hennar sem og aðra listmuni sem hún hefur skapað af sínu fagra auga og mikla listfengi.

„Íslendingar eru eins og unglingar; ferskir og djarfir í klæðaburði, á meðan Frakkar hugsa stíft um reglurnar, hvaða liti má ekki nota saman og efni sem eru engan veginn í stíl," segir Helga og heldur áfram:

„Reyndar tala ég frekar um Parísarbúa því París hefur breyst, en stíl Frakka má lýsa sem einföldum elegans. Þeir eru ekki sérstaklega frumlegir í klæðaburði en afar smekklegir, pæla mikið í réttri litasamsetningu og búa við rótgróna menningu sem byggist á mikill þekkingu á efnum. Ég hef lært mikið af Frökkum í gegnum líf mitt og starf í París; þar sem gömul menning bætir smám saman við sig en er stundum svo rótgróin að mann langar að kasta sprengju til að hrista upp í hlutunum. Hvort tveggja hefur sinn sjarma, þetta rótgróna og hið nýja og það er gaman að blanda því saman."

Slæður hæstmóðins nú

Helga opnaði í gær búð og opna vinnustofu undir franska nafninu Atelier sem á íslensku þýðir vinnustofa. Búðin er á horni Ingólfsstrætis og Bankastrætis 10 og er gengið beint inn af götunni á bláhorninu.

„Ég hafði ekki hugsað út í möguleikann á að opna búð eða vinnustofu fyrr en mér bauðst þessi frábæra staðsetning fyrir tilviljun fyrir skemmstu. Ég hugsa hana sem pop-up í byrjun en kannski lifir hún lengi. Það er allt í mótun og kemur í ljós, en Áslaug Snorradóttir hjálpaði mér sérstaklega að skapa töfra fyrir opnunina. Nú er líka sérlega skemmtilegur tími til að opna búð mitt í miðbæ Reykjavíkur sem hefur verið daufur og líflaus á Covid-tímum en nú er komið friskandi vor og allt að lifna við í bænum," segir Helga sem býr líka í miðbænum og kann því vel að geta sest inn á kaffihús til að fylgjast með mannlífinu og götustemningunni.

„Ég vil ekki segja neitt gott um Covid en veiran hefur þó kennt okkur að kunna betur að meta hlutina eftir langan tíma leiðinda. Það er sannarlega góður skóli."

Í Atelier fæst gullfalleg hönnun Helgu, þar á meðal guðdómlegar slæður og tískuteikningar hönnuðarins sem eru sönn híbýlaprýði.

„Slæður eru hæstmóðins í tískuheiminum núna, ekki síst hjá yngri konum sem binda þær um höfuðið og um sig á alls konar hátt. Slæður þykja ekki lengur eins kerlingarlegar og unga fólkinu þótti lengi vel, en slæðurnar mínar eru bæði stórar til að sveipa um sig og minni til að nota sem hálsklúta, og oft þarf ekki nema eina litríka slæðu til að lífga upp á heildarmyndina," segir Helga.

Hún er spurð hvort hönnun hennar beri sérkenni.

„Ég mun sennilega aldrei geta stillt mig um að setja fullt af litum í hönnun mína og jafnvel þótt ég byrji með það í huga að hafa flíkina látlausa og litfáa koma litirnir nú samt. Búðin ætti reyndar að heita Síbreytilega búðin því hönnun mín er svo síbreytileg," svarar Helga og hlær.

Töfrandi litadýrð einkennir hönnun Helgu, jafnvel þótt hún reyni annað.

„Undanfarið hef ég horfið aftur í tímann til hönnunar sem ég gerði fyrir löngu hjá Louis Féraud en þar ríkti andrúmsloft sem mér finnst bæði viðeigandi og skemmtilegt nú. Þegar ég vann hjá Féraud var Ísland ekki beinlínis rauður þráður í minni hönnun en henni fylgdi andi sem var ekki jafn hefðbundinn og franskur og hinir höfðu. Því var eins og Ísland blandaðist saman við það franska, en svo varð ég fyrir áhrifum frá hátískuheiminum og lærði á hann, sem var skemmtilegt. Um tíma var ég því öðruvísi svo maður verður víða fyrir áhrifum, og það er satt að tískan fer í hringi. Slæður sem ég hef gert í gegnum árin hafa aftur komist í tísku og mér finnst ég ganga í eilífa hringi, þótt alltaf sé einhver breyting á því sem kemur aftur í tísku," segir Helga og nefnir Yves Saint Laurent, Karl Lagerfeld hjá Chanel og Christian Lacroix meðal áhrifavalda sinna á Parísarárunum.

Aldrei alveg búin

Helga er spurð hvort fötin skapi manninn.

„Já og nei. Það skiptir máli hvernig maður klæðir sig og fólk er oftar en ekki dæmt út frá því hvernig það lítur út og fötunum sem það klæðist. Þá er viss menning í því að klæða sig fallega og hafa fegurðarsmekk," svarar Helga.

Hún segir Reykjavík að vissu leyti vera tískuborg.

„Hún er auðvitað ekki stórborg í samanburði við París og í litlu þjóðfélagi eru margir svipaðir til fara, eðlilega. Mér finnst áhugi á tísku þó mikill hér heima og mjög margt fallegt og skemmtilegt til."

Flesta hönnunargripi sína sér Helga sér fyrir hugskotssjónum.

„Hugmyndirnar eru í kolli mínum og þær fara eiginlega aldrei þaðan. Þær banka upp á og um leið og ég byrja á nýju verkefni, eins og bíll sem hrekkur í gang. Þannig varð ég strax skapandi sem barn. Ég dvaldi í eigin draumaheimi og smíðaði heilu húsin í huganum."

Helga segir erfitt að koma auga á það sem hún er stoltust af á ferlinum.

„Í seinni tíð hef ég hannað búninga fyrir leikhús og nýt þess mjög, kannski vegna þess að þegar ég var hjá Louis Féraud var öll mín hönnun í hans nafni en ekki mínu. Í leikhúsinu er það bara ég, enginn sem segir mér til og ég er frjálsari. Það er skemmtileg viðbót við hátískuna. Annars er ég reyndar aldrei nógu ánægð með neitt, sem er týpískt fyrir hönnuði sem alltaf vilja gera betur. Ég er aldrei alveg búin!" ■

YEST Ila tunika
Stærðir 36-48
Verð kr 7.980

IVY BEAU Unique kjóll
Stærðir 36-48
Verð kr. 9.980

ES&SY Rifka, kjóll með vösum
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.980

ES&SY Thirsa, Kósýbuxur
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

IVY BEAU Tinde kjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 13.980

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE-ZE Nordic OPHILIA

YESTA Alyssa hlýrakjóll
Fæst líka í svörtu og hvítu
Stærðir 44-60
Verð kr. 7.980

YESTA stuttermabolur
Fæst líka einlitur
Stærðir 44-60
Verð kr. 7.980

YEST/A basic skyrta
Fæst líka í svörtu
Stærðir 36-60
Verð kr. 8.980

YEST/A basic treggings með rönd
Fást í fleiri útgáfum
Stærðir 36-60
Verð frá kr. 7.980



YEST/A basic hjólabuxur
Fást líka í hvítu
Stærðir 36-60
Verð kr. 4.980

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN Tamaris Handberg Jana

FRANDSEN úlpa/vendingur
Fæst líka í svörtu
Stærðir 40-52
Verð kr. 34.980

NORMANN sumajakki/vendingur
Fæst í fleiri útfærslum
Stærðir 40-52
Verð kr. 23.980

YEST/A léttur sumarjakki
Fæst líka í bleiku
Stærðir 38-60
Verð kr. 19.980

IVY BEAU Ricky gallajakki
Stærðir 36-46
Verð kr. 12.980

Jana

Jana hælasandalar
Stærðir 37-41
Verð kr.12.990

LASESSOR leðurtaska
Fæst líka í bleiku og svörtu
Verð kr. 23.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Smart snið með myrka sögu

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Bomber-jakkinn á uppruna sinn í myrkri sögu stríðsáranna líkt og nafnið gefur til kynna. Í fyrri heimsstyrjöldinni voru fæstar flugvélar með lokað flugmannshús svo flugmenn þurftu að klæðast fatnaði sem hélt nægilegum hita á þeim.

Í september árið 1917 stofnaði bandarískt herinn opinberlega nefnd um fatnað flugmanna og hóf að útdeila álagsþolnum leðurjökkum með háum kraga, með renndum loftflipum, þröngum ermalíningum og mitti, sumir voru með kögri og aðrir fóðraðir með feldi.

Hið sérstaka einkennandi útlit sem við þekkjum á bomberjökkum í dag kom þó með MA-1 flugmannajökkunum sem bandarískt herinn byrjaði að nota upp úr 1950. Jakkinn var var framleiddur úr hágæða næloni og með pólýesterfóðri og sérstaklega hannaður með það í huga að nota allt árið um kring. Létt hönnunin hentaði vel í bæði hlýju og köldu veðri.



Bomber-jakkinn var alls staðar á tískuvikunni í París, bæði á tískupöllunum og utan þeirra. Hér má sjá litríka og dálítið pönkaða útgáfu af þessum vinsæla jakka.

Jakki fyrir alla

Bomber-jakkinn er heldur betur að koma sterkur inn í vor hjá öllum kynjum, enda er um að ræða fjölhæfa flík sem hentar margs konar líkamsvexti. Allt frá nælonjökkum í stíl áttunda áratugarins og pönkaðri útgáfum til síðra litríkra bomber-jakka í yfirstærð. Bomberjakkanum halda engin bönd þetta sumarið og voru tískupallarnir fyrir vor/sumar 2021 gjörsamlega á kafi í þessari klassísku og hentugu sumarflík.

Sumarjakkinn í ár

Jakkarnir eru jafn mismunandi og þeir eru margir. Síðir og víðir, mittisstuttir, úr silkiblöndu, næloni, leðri, rúskinni, einlitir í dempuðum eða skærum litum eða með brjáluðu frumskógar- eða blómamynstri. Eitt sameinar þá alla og það er einkennandi sniðið með stroffi á ermum, jakkafaldi og oft á kraganum.

Bomber-jakkinn er afar hentug flík í sumar, og þá sérstaklega á Íslandi þar sem veður getur breyst líkt og hendi sé veifað. Hann lítur jafn vel út frárenndur eða upprenndur, þá er hann smart á öxlunum eða bundinn um mittið ef sólin skín of skært. ■

Hugo Boss kann sitt þegar kemur að klassíkinni. Þessi ljósblái bomber-jakki verður sjúklega flottur í sumar með nýmóðins samanherptar ermar. Frá tískuvikunni í Mílanó í september síðastliðnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bomber-jakkinn kemur í mörgum myndum og hér má sjá hann á tískuvikunni í Kína úr smiðju Zhou Li fyrir DEJIN.

Bomber-jakkinn var snöggur að poppa upp á tískuvikunum og hér má sjá fyrirsætuna Clöru Berry í skemmtilega öðruvísi bomber-jakka á tískuvikunni í París.

Hér má sjá gullfallegan ljósan silki bomberjakka í yfirstærð úr vor- og sumarlínu Vien í Mílanó.

Sumarskot

30% afsláttur

20.-25. maí af öllum fatnaði frá
KLAES&MYRAS, STUDIOB3 og YAYA
30% afsláttur af völdum TRIPPEN skóm.

Studiob3 bómullarkjóll
Verð kr. 19.800 m. afsl. 13.860

Trippen leðursandalar
Verð kr. 49.000 m. afsl. kr. 34.300

Fullt meira til af geggjað flottu kíkið til okkar á Óðinsgötu 1 eða í vefverslun

Studiob3 hörkjóll
Verð kr. 42.000 verð m. afsl. 29.400

YAYA leðurboots
kr. 28.000 m. afsl. 19.600

Trippen leðurboots
Verð 59.000 m. afsl. 41.300

Ath. verslunin er lokuð 22.-24. maí
en vefverslun er opin
www.boel.is
Verið velkomin

Klaes&Myras leðurjakki
Verð 59.000 m. afsl. 41.300

Klaes&Myras leðurskokkur
Verð kr. 58.000 m. afsl. 40.600

KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið mánud. - föstud. 12-18 laugard. 12-16
www.boel.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Audi A3 Sportback e-Tron Hibryd. 8/2017 Modelár 2018. Ekinn aðeins 39 þús.km. Sportsæti. Panorama glerþak. 17" álfelgur. Sjálfskiptur. LED ljós. Ofl. Verð aðeins 4.290.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

Þjónusta

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Stykkishólmsbær

Útboð

Stækkun Leikskólans í Stykkishólmi

Arkís arkitektar ehf. fyrir hönd Stykkishólmsbæjar óska eftir tilboðum í viðbyggingu við leikskólann í Stykkishólmi.

Um er að ræða viðbyggingu við núverandi leikskóla sem er á einni hæð. Núverandi leikskóli er með þremur deildum og er nú verið að bæta við fjórðu deildinni.

Verkefnið felst í því að fullbyggja nýju deildina að innan sem utan með innréttingum og öllum tilheyrandi frágangi og skila deildinni tilbúinni til notkunar.

Helstu stærðir eru:

Grunnflötur viðbyggingar:	72 m² nettó.
Gröftur	150 m³
Fyllingar	95 m³
Bendistál	4300 kg
Steinsteypa	55 m³
Mótafletir	437 m²
Frágangur útveggja	160 m²
Þakfrágangur	73 m²
Innréttingar	14 stk.
Loftaklæðningar	72 m²
Gólfefni	72 m²
Léttir veggir	23 m²

Verkinu skal að fullu lokið 28.02.2022

Útboðsgögn verða afhent rafrænt með tölvupósti. Senda skal ósk um gögn á tölvupóstfangið arkis@ark.is með nafni fyrirtækis, heimilisfangi og síma.

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi á bæjarskrifstofu Stykkishólmsbæjar eigi síðar en mánudaginn 7. júní kl. 9:00 og verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

ARKÍS arkitektar

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Efnistaka á Mýrdalssandi.

Mat á umhverfisáhrifum. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun og athugasemdafrestur.

Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 21. maí til og með 4. júní 2021.

Til stendur að ráðast í umfangsmikið vikurnám á Mýrdalssandi á efnistökusvæði E17 á gildandi aðalskipulag Mýrdalshrepps og er nauðsynlegt að fjalla um efnistökuna í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Vikurinn verður svo fluttur erlendis.

Drög að tillögu að matsáætlun eru nú birt til kynningar á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU, www.efla.is.

Allir geta gert athugasemdir við drögin. Koma skal athugasemdum til Snævarrs Arnar Georgssonar hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið snaevarr.georgsson@efla.is. Skriflegar athugasemdir skal merkja „*Mýrdalssandur – efnistaka*“ og senda til Snævarrs Arnar Georgssonar, EFLA Verkfræðistofa, Glerárgata 32, 600 Akureyri.

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRANÍT
LEGSTEINUM Í MAÍ

GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 * 220 Hafnarfjörður * granitsteinar@granitsteinar.is * sími: 5445100



Veðurspá Fimmtudagur



Víða léttskýjað í dag en stöku skúr með suðurströndinni. Hiti 1 til 11 stig að deginum, mildast suðvestantil. ■

ICEWEAR ICELAND

SALEWA Ultra Train 18 BP
Kr. 12.990.-

KLETTUR Húfa
Kr. 2.490.-

SALEWA
WS MTN Trainer Shoes
Kr. 28.990.-

FUNI Dúnúlpa
Kr. 33.990.-

GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.990.-

HVÍTANES
Merínó lambhúshetta
Kr. 4.990.-

Þín útivist - þín ánægja
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-

SALKA
Göngubuxur
Kr. 9.990.-

LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-

ASOLO
Angle GV
Kr. 25.990.-

REYNISFJARA
Göngustafir
Kr. 9.990.-

Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is



Brautirnar eru fáanlegar með mjúklokun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá GEZE
Þýsk gæðavara.

JÁRN&GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Útskriftar-tilboð

ÍSLENSK HÖNNUN
Lin DESIGN
SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Tapani Sammalvuo (Víkingaklúbbnum) átti leik gegn Oliver Aroni Jóhannssyni (Fjölni) á Íslandsmóti skákfélaga.

30. Bh8! 1-0. Alexander Donchenko sigraði á afar sterku þriðjudagsmóti TR í gær. Gauti Páll Jónsson varð annar og Guðmundur Kjartansson þriðji. Guðmundur, Héðinn Steingrímsson og Helgi Áss Grétarsson verða fulltrúar Íslands á EM í netskák – sem jafnframt er undankeppni um sæti á heimsbikarmótinu í skák.
www.skak.is: EM einstaklinga í netskák. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 gaula
5 atvinna
6 tveir eins
8 síga
10 átt
11 væl
12 bónbjargir
13 pallur
15 sjávardýr
17 úrræði

LÓÐRÉTT
1 kaupsýsla
2 tigna
3 líða vel
4 gagn
7 dáinn
9 ávarp
12 skaddast
14 barlómur
16 mynni



LÁRÉTT: 1 baula, 5 iðn, 6 ff, 8 slakna, 10 na, 11 fallinn, 9 kveðju, 12 bila, 14 væl, 16 ós.
LÓÐRÉTT: 1 bisness, 2 aðla, 3 una, 4 afnot, 7 vol, 12 þetl, 13 svið, 15 sæljón, 17 lausn.

Sudoku

				2			4	5
		8		4	3			
9		2	1		8	3		
1	3	5						7
		9		8		5		
7				3	2			9
							2	
	5						6	
3		7		9				

2					1	4		
8	6	3					5	7
	1		5					3
4						3		
1	2				6		8	
3					4			1
5	3	2			7			
		9		4				
			6					9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Íslensk hönnun í sinni litríkustu mynd

- ANNA THORUNN
- Arctic Plank
- Go Form
- Gudmundur Ludvik
- IHANNA HOME
- Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir
- Kormákur & Skjöldur
- Pastelpaper
- Steve Christer frá Studio Granda
- Thorunn Arnadottir

Opnunartímar:
Mið: 12:00 – 18:00 + Fim: 10:00 – 18:00 + Fös: 10:00 – 18:00 + Lau: 11:00 – 16:00

SÚRDEIGS PIZZADEIG

398 kr./pk.

Bónus Súrdeigs Pizzadeig
300 g í pk.

GERÐU GARÐINN FRÆGAN

898 kr./pokinn

Van Egmond Gróðurmold
40 ltr. í poka

898 kr./kippan

Coca-Cola Classic eða Án Sykurs
2 ltr. x 4 stk. í kippu

598 kr./pk.

Toppur
330 ml x 10 stk. - 2 tegundir

5.495 kr./pk.

Nutrilenk Töflur + Gel í Kaupbæti
180 töflur + 100 ml gel

998 kr./pk.

Fersk Bláber
600 g í pk. - frá Spáni

198 kr./kg

Fersk Rauð Vatnsmelóna
frá Spáni

398 kr./pk.

Fersk Hindber
125 g í pk. - frá Spáni

698 kr./pk.

Fersk Jarðarber
500 g í pk. - frá Hollandi

Verð gildir til og með **23. maí** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

FULLELDAÐIR

598 kr./pk.

Bónus Buffaló Kjúklingavængir
800 g í pk.

798 kr./pk.

Bónus BBQ Kjúklingaleggir
800 g í pk.

SMASH STYLE UNGNAUTAHAMBORGARAR
100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT AF SÉRVÖLDUM NAUTGRIPUM

2X 140 g

598 kr.

Smash Style Ungnauta Hamborgarar
2 stk. í pk.

198 kr./pk.

Bónus Hamborgarabrauð
4 stk. í pk.

RISARÆKJUR

HRÁAR

1.198 kr./pk.

Risarækjur Hráar
454 g í pk.

ELDAÐAR

1.398 kr./pk.

Risarækjur Eldaðar
454 g í pk.

EINFALDUR OG GÓMSÆTUR FORRÉTTUR

2.998 kr./ks.

Nauta Carpaccio
frosið - 10x80 g

598 kr./pk.

Bónus Mexíkó Ostasalsa
nachos ídýfa - verð áður 698 kr./pk.



Almennur afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri): Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Blinda og blekkingarleikur

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Skollaleikur er fjórða glæpasaga Ármanns Jakobssonar þar sem rannsóknarteymi leysir glæpi.

Það síðasta sem ég vil er að lesendur haldi bókunum ekki aðgreindum, segir Ármann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Um söguþráðinn segir Ármann: „Þessi tiltekna bók hefst á því að maður að nafni William Brown finnst látinn. Hann er ekki með farsíma á sér en heimilisfangið Freydísargata 14 finnst í fórum hans. Lögregluna grunar ekki morð strax en vill skýringar og leitar þeirra hjá íbúum Freydísargötu 14 en þar búa þrjár konur ásamt eiginmanni einnar og börnum annarrar. Þær reynast allar hafa lent í erfiðri reynslu, ein er fórnarlamb, önnur vitni og sú þriðja dómari. Síðan æsast leikar og að lokum eru lögreglumennirnir sjálfir í lífshættu.“

Spurður hvort þessi fjórða bók sé lík þeim fyrri segir hann: „Bækurnar eru allar í sömu ritröð og fjalla að hluta um sömu persónur og stíllinn er svipaður. Ég hef samt verið að leika mér með breytta endurtekningu. Það síðasta sem ég vil er að lesendur haldi bókunum ekki aðgreindum og þess vegna reyni ég að hafa hverja með sínum andblæ. Þetta kemur til dæmis fram í lengd efnisgreina og setninga, hlutfalli beinnar ræðu og öðrum kúnstum sem höfundar geta nýtt sér.“

Ofbeldi sem leynir á sér

Ármann segir allnokkur þemu vera í bókinni. „Eitt er blindan og blekkingarleikurinn sem felst í titlinum og sú athöfn að binda fyrir augu fólks, bæði bókstaflega og í yfirfærðri merkingu. Annað er fólk sem er á skjön í samfélaginu en það á sérstaklega við eina fjölskylduna sem lýst er. Hjónabönd og ástarsambönd koma við sögu bæði hjá lögregluliðinu og hinum grunuðu. og að lokum lymskulegt ofbeldi.

Mér sjálfum líkar ekki við yfirgengilegt líkamlegt ofbeldi í bókum og þess vegna fjalla ég frekar um til dæmis tilfinningakúgun og ofbeldi sem leynir á sér. Eitt slíkt er kallað „gaslighting“ eftir vinsælu bresku leikriti sem síðar varð að kvikmynd með Ingrid Bergman. Ekkert íslenskt hugtak er til og ekki gengur að nota hið erlenda sem vísar til gamals erlends leikrits en nú býð ég fram „skollaleikur“ í staðinn, með tilvísun til þessarar bókar – ef fólk vill!“

Skemmtilegt tafl

Spurður hvort hann sé aðdáandi glæpasagna segir Ármann: „Ég hef mikinn áhuga á afþreyingarbókmenntum yfirleitt, kannski vegna þess að ég hef áhuga á fléttu, frásagnartækni og persónusköpun. Glæpasögur og aðrar afþreyingarbókmenntir bjóða þar upp á ýmis tækifæri og í þeim fer fram skemmtilegt tafl milli höfundar og lesenda.“ ■

> Ég hef mikinn áhuga á afþreyingarbókmenntum, kannski vegna þess að ég hef áhuga á fléttu, frásagnartækni og persónusköpun.

Vertu þú sjálfur

DANS

Dagdraumar

★★★☆☆

Borgarleikhúsið

Danshöfundur hugmynd og texti: Inga Marín Rúnarsdóttir
Leikmynda- og búningahöfundur: Júlíanna Lára Steingrímsdóttir
Myndahöfundur, sýningaskrá, sviðsmynd og veggspjald: Auður Þórhallsdóttir
Lýsing: Pálmi Jónsson
Hljóð: Baldvin Þór Magnússon
Dansarar: Halla Þórðardóttir, Charmene Pang og Ásgeir Helgi Magnússon
Tónlist eftir: Alexandre Desplat, Danny Elfman, Henry Mancini, Dario Marianelli, Jonny Greenwood og Portico Quartet

Sesselja G. Magnúsdóttir

Vertu þú sjálfur, er boðskapur barnadansverksins Dagdraumar sem Íslenski dansflokkurinn frumsýndi laugardaginn 15. maí 2021 á nýja sviði Borgarleikhússins. Dansverkið er ævintýri um stúlku sem í leikjum sínum í náttúrunni hittir nokkur undursamleg dýr sem hvert um sig býr yfir sérstökum hæfileikum sem stúlkunni finnst eftirsóknarverðir. Fyrir töfra öðlast hún þessa eiginleika en umbreytist um leið frá því að vera hún sjálf. Það veldur því að þegar hún kemur heim til móður sinnar að kvöldi er hún óþekkjanleg. Stúlkan uppgötvar að það að vera hún sjálf var dýrmætara en allir nýju eiginleikarnir og hún gefur þá glöð frá sér til að móðir hennar þekki hana á ný.

Skortir háskann

Sagan er eingöngu sögð í gegnum hreyfingar og dans en kemst auðveldlega til skila. Umgjörðin er eins og gamalt ævintýri, lítið hús í skógi þar sem mæðgur búa í sátt við dýralífið í kring. Búningar þeirra eru látlausir kjólar sem minna á evrópsk ævintýri. Sviðsmyndin er einföld enda ætlunin að ferðast með verkið um allt land næsta haust en þjónar sögunni vel. Persónurnar í sögunni eru stúlkan dönsuð af Charmene Pang, móðirin og svanur dönsuð af Höllu Þórðardóttur og héri, kónguló og slanga sem Ásgeir Helgi Magnússon ljáði líf. Túlkun persónanna var sterk og skemmtileg og líkamleg tjáning nýtt til hins ítrasta. Dýrabúningarnir voru líka ótrúlega hugvitsamlegir og skemmtilegir. Þeir í tengslum við hreyfingar dansaranna gerðu dýrin sprelllifandi á sviðinu.

Tónlistin, samansafn laga eftir mismunandi höfunda, var með í að undirstrika eiginleika hvers dýrs og hreyfinga þeirra. Hún var flott og lýsti vel stemningunni á hverjum tíma en náði ekki að skapa nógu sterka heild. Vegna þess hvað framvinda sögunnar var viðkvæm truflaði það stundum þegar skipt var um lag. Eitthvað sem hefði líklega ekki gerst ef það hefði verið einn höfundur að allri tónlistinni.

Dagdraumar er falleg sýning sem vert er að sjá, segir gagnrýnandinn.

> Það var greinilegt að dansinn í lokin og leikskráin stækkuðu upplifun áhorfendanna af leikritinu til mikilla muna.

Sagan sjálf var einföld, stúlkan hittir dýr, leikur við það nokkra stund og öðlast síðan eiginleika þess. Þannig er endurtekningin til staðar eins og í góðu ævintýri þó að dansinn sem einkennist af eiginleikum hvers dýrs sé breytilegur. Sagan er falleg og líður átakalaust áfram. Full átakalaust að mati undirritaðar þó að látlaus framvindan sé vel til þess fallin að ná til yngsta markhóps sýningarinnar, það er barna frá eins, tveggja ára aldri. Örlítill háski hefði verið krydd í fína sögu.

Dans dýranna

Styrkleiki sýningarinnar býr ekki síst í samtalinu við áhorfendur í lok hennar og leikskránni sem börnin taka með sér heim. Þegar sýningunni sjálfri var lokið kenndu leikararnir áhorfendum dans dýranna. Börnin voru beðin að standa upp úr sætum sínum og dansa með dönsurunum einföld spor fyrir hvert dýr. Það tók aðeins stutta stund að ná til barnanna og brátt var þetta fína ball í gangi á áhorfendapöllunum. Hreyfingarnar gátu börnin síðan haldið áfram að æfa sig í heima því að í leikskránni, sem er fallega gerð, voru nokkrir leikir og þrautir tengd sögunni sem börnin gátu leikið sér með. Það var greinilegt að dansinn í lokin og leikskráin stækkuðu upplifun áhorfendanna af leikritinu til mikilla muna. Sagan endaði ekki þegar ljósin kviknuðu í áhorfendasalnum og dansararnir komu að hneigja sig, miklu heldur var ævintýrið þá rétt að byrja.

Líkaminn er frábært tæki til að miðla sögu til barna. Það er því dásamlegt að enn bætist í hóp þeirra sem semja danssýningar fyrir börn. Dagdraumar er falleg sýning sem vert er að sjá og njóta löngu eftir að maður er kominn aftur heim. ■

ogniochron

OSEC slökkvitæki
6 kg Duft
4.681 kr.
6 ltr. léttvatn/froða
7.409 kr.

Fina

FINA
optískur reykskynjari
992 kr.

Fina

FINA eldvarnarteppi
1x1 metri
Verð: 1.116 kr.

Master Lock

Master Lock 5441EURD
lyklageymslubox
Opnast með farsíma (bluetooth)
26.350 kr.

ÖRYGGI HEIMA OG Í BÚSTAÐNUM

Allir vilja koma að eignum sínum eins og þeir skildu við þær og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Lykillausnum.

Yale

YALE 4,2 ltr.
verðmætaskápur
7.409 kr.

Yale

YALE 8,6 ltr.
verðmætaskápur
8.649 kr.

Yale

YALE 16,3 ltr.
verðmætaskápur
11.129 kr.

Yale

YALE Alarmed 16,3 ltr.
verðmætaskápur
11.749 kr.

Yale

YALE SR-3200
þráðlaust þjófavarnarkerfi
71.300 kr.

BLAUPUNKT

Blaupunkt SA2700
þráðlaust þjófavarnarkerfi
39.990 kr.

Master Lock

- **Eldtraustur**
- **Vatnsheldur**
- **innbyggt þjófavarnarkerfi**

MasterLock 56,5 ltr. LFW205TWC
verðmætaskápur
Verð: 94.240 kr.

phoenix

Phoenix KS0032E
lyklaskápur m/talnalás og 48 krókum
Verð: 18.910 kr.

Yale

Yale Smart Living HD1080P
WiFi innimyndavél
Verð 11.129 kr.

Lykillausnir er dótturfyrirtæki Véla og verkfæra

www.lykillausnir.is

LYKIL LAUSNIR
Lyklasmíði & öryggiskerfi

Tilfinningar í tóminu

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Apausalypse er ný heimildarmynd eftir Anní Ólafsdóttur og Andra Snæ Magnason, höfunda Þriðja pólsins. Myndin verður frumsýnd á Stockfish á morgun, föstudaginn 21. maí, í Bíó Paradís.

Apausalypse, ný heimildarmynd eftir Andra Snæ og Anní, verður frumsýnd á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Anní og Andri Snær gerðu Apausalypse þegar frumsýningu Þriðja Pólsins var frestað í mars í fyrra vegna Covid.

„Sú frestun var mikil vonbrigði en Anní spurði: Ef við erum að gera heimildarmyndir eigum við þá að syrgja það að vera uppi á sögulegum tímum? Er einhver að kvikmynda þetta augnablik? Við fórum að velta því fyrir okkur hvernig ætti að fanga þessa upplausn," segir Andri Snær. Þau hringdu í Kukl sem leigir kvikmyndavélar og komust að því að þar voru allar kvikmyndavélar í hillum. „Þannig að það var ljóst að mjög fáir voru að skrá þennan tíma. Við fórum af stað.

Áskorunin var eiginlega að gera mynd þegar kvikmyndagerð í heiminum stöðvaðist. Við vildum gefa því dýpri merkingu að upplifa heiminn stöðvast og tókum viðtöl við guðfræðinga, heimspekinga og listamenn til að komast að því hvað þau væru að hugsa nákvæmlega í þessu ástandi. Við vorum með mjög góðan kvikmyndatökumann, Andra Haraldsson, og sjónræni þátturinn fær að njóta sín í myndinni," segir Andri Snær.

> Við vildum gefa því dýpri merkingu að upplifa heiminn stöðvast.
>
> Andri Snær.

Sjónræni þátturinn fær að njóta sín í myndinni.

Áhugaverð sýn

Meðal þeirra sem koma fram í myndinni eru Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur, Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur, Ingvar E. Sigurðsson leikari, Gunnar Kvaran sellóleikari, séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir, Dóri DNA, Ragnar Axelsson ljósmyndari, Haraldur Jónsson myndlistarmaður og Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur.

„Þetta er fólk sem hefur áhugaverða sýn og kann að orða hlutina fallega og skemmtilega. Við vildum ná hugsunum þess akkúrat á meðan óvissan var sem mest, áður en það færi að ritskoða sjálft sig," segir Anní. „Myndin er ekki bara viðtöl, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir dansar í gegnum tóma Leifsstöð og út á flugbraut á meðan Ingvar Sigurðsson er Palli er einn í heiminum í kvennaklefanum í Vesturbæjarlauginni."

Heimurinn afhjúpast

Andri Snær segir að sjá megi sameiginlegan þráð í viðtölunum. „Haraldur Jónsson benti að orðið apocalypse þýðir ekki heimsendir heldur afhjúpun; heimurinn afhjúpast og allt verður skýrara, Enda var það þannig að á þessum tíma fór fólk að taka eftir alls konar hlutum sem það hafði verið hætt að sjá. Við sáum hvaða starfsgreinar skiptu máli, en líka hversu grátt samfélag án samskipta og listar getur verið. Og svo framkallast svo margar tilfinningar í tóminu þegar fólk gat ekki flúið inn í ysinn og erilinn.

Margir upplifðu þetta ástand á mystískan hátt, nánast trúarlegan. Heimurinn var á sívaxandi hraða og svo var allt í einu tekið í handbremsuna. Margir settu þetta í samhengi við ógnina sem stafar af hnattrænni hlýnun. Ef við gátum stoppað allt vegna veiru, af hverju gátum við ekki stoppað neitt vegna loftslagsbreytinga þrátt fyrir að vísindamenn hafi í 30 ár varað við þeim?

Margir töldu að þessi tími myndi hafa varanleg áhrif á okkur, að við myndum breytast til batnaðar. Dóri DNA var á öndverðri skoðun við alla hina, var svartsýnni eða raunsærri, taldi að við myndum fara hraðar inn í stuðið eftir að hafa verið svelt svona lengi."

Kerfin ekki óbreytanleg

En hver er skoðun Anníar og Andra Snæs? „Við fórum af stað með þessa tilfinningu að nú myndi fólk sjá hlutina öðruvísi. Ég held að Covid-tímabilið verði til þess að yngri kynslóðin muni sjá mjög skýrt að það er hægt að snúa hlutum til betri vegar, kerfin okkar eru ekki óbreytanleg," segir Anní.

„Ég held að fyrsta árið verði algjör sturlun, allir fari í utanlandsferðirnar sem þeir misstu af. En krakkarnir sem eru búnir að standa fyrir loftslagsverkföllum munu hins vegar halda áfram baráttunni fyrir því að ekki verði búið að rústa heiminum þegar þau verði sjötug. Þeir sem fórnuðu menntaskólaárum til að verja eldri kynslóðina munu krefjast einhvers í staðinn," segir Andri Snær.

Spurð hvort þau hyggist í sameiningu gera fleiri heimildarmyndir segir Andri Snær að hugmynd sé um að gera mynd upp úr bók hans Um Tímann og vatnið. „Sú hugmynd hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma og er komin í farveg." ■

Tónlist bæði sönn og ósönn

TÓNLIST

★★★☆☆

Verk eftir: Ásbjörgu Jónsdóttur, Gunnar Karel Másson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Sigurð Árna Jónsson.
Flytjendur: Strokkvartettinn Siggi
Salurinn í Kópavogi
Þriðjudaginn 11. maí

Jónas Sen

Steve Martin sagði eitt sinn að það að tala um tónlist væri eins og að dansa um arkitektúr. Tónlist er í eðli í sínu afstrakt, hún er list loftsins, ósýnileg, fjallar um það sem ekki er hægt að tjá með orðum. Orð eru ófullkomin þegar lýsa á tónlist, þau koma aldrei í staðinn fyrir sjálfa upplifunina.

Á tónleikum í Salnum í Kópavogi á þriðjudagskvöldið voru frumfluttir fjórir strengjakvartettar eftir íslensk tónskáld. Á undan flutningnum voru tónskáldin kölluð á sviðið og þau spurð um verkin, hvernig mætti lýsa þeim og hver væri tilurð þeirra.

Tónlist um byggingarefni

Ásbjörg Jónsdóttir reið á vaðið og fræddi áheyrendur um að verk hennar væri hugleiðing um efniviðinn sem Salurinn var byggður með, rekavið, grágrýti og greni. Orð hennar vöktu eftirvæntingu og tónahendingarnar sem verkið byggðist á voru einfaldar og lagrænar, og létu vel í eyru. Sjálf tónlistin – andrúmsloftið, sagan og framvindan – var hins vegar fábrotin, því úrvinnsla tónefnisins var svo máttlaus. Hún náði aldrei að verða neitt annað en einfeldningslegar endurtekningar. Strokkvartettinn Siggi spilaði þó ágætlega, flutningurinn var nákvæmur og vel mótaður, en það breytti engu, tónarnir misstu marks hvað eftir annað. Það var eins og efniviðurinn lægi bara í hrúgu án þess að nokkuð væri gert úr honum.

Eitthvað svoleiðis

Næsta verk hét Senza di te, sem þýðir Án þín, og var eftir Gunnar Karel Másson. Tónlistin byrjaði á áhrifaríkan máta, sem ofurveikur niður, mjög dularfullur. Smám saman óx hann og varð að fyrstu línunni úr ítalskri aríu. Hún var endurtekin aftur og aftur, með sívaxandi þunga. Þetta var flott, en kaflinn sem á eftir kom, og var eingöngu strengjaplokk, virkaði eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Það var eins og ný tónsmíð byrjaði, sem var ekki í neinum tengslum við þá sem á undan hafði verið.

Strokkvartettinn Siggi spilaði þó ágætlega, segir Jónas Sen.

Textinn í tónleikaskránni var ekki hjálplegur, þar mátti lesa að tónlistin væri um einmanaleika og leit eftir einhverju óræðu, sem svo breytist, en samt ekki. Eða eitthvað svoleiðis. Tónlistin var álíka óljós, hún lofaði góðu í byrjun, en restin stóð ekki undir væntingum. Sennilega var það akkúrat meining tónskáldsins, en framsetningin hefði mátt vera sterkari og frumlegri.

Áhrifamikil nostalgía

Miklu meira var varið í hinar tvær tónsmíðarnar sem á eftir komu. Horfnir skógar eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur fjallaði um einmitt það, horfna skóga sem eftir lifa í viðnum í strengjahljóðfærum. Í takt við það var tónlistin nostalgísk, tónskáldið leit um öxl og afrakstur inn var í fremur hefðbundnu formi. Hér væri hægt að æpa KLISJUR en svo var ekki. Tónmálið var alltof margbrotið, skáldskapurinn laus við yfirborðsmennsku, innblásturinn of sannur. Þetta var hrífandi tónlist sem unaður var að hlýða á.

Síðasta verkið var líka dálítið gamaldags, Mere-Exposure eftir Sigurð Árna Jónsson. Það hljómaði eilítið eins og gamli seríalismi nn, sem var í „tísku" fyrir hálfri öld eða svo. Áferðin var mjög ómstríð og mikið um þagnir, eins og sífellt væri verið að hrópa út í tómið, án svars. Þetta var ekki beint skemmtilegt, en arkitektúrinn var glæsilegur, framvindan spennuþrungin, heildarmyndin trúverðug á einhvern undarlegan hátt, furðulegt nokk. ■

NIÐURSTAÐA: Misáhugaverð tónlist, sem var ágætlega flutt.

PIER

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

PIER KORPUTORGI | SÍMI 5227870 | OPIÐ: VIRKA DAGA 11-18:30 LAU OG SUN 12-20 | PIER.IS

Súper tilboð

44%

Stjúpur 10 stk.

1.290kr

~~2.290 kr~~

Pallaolía, viðarvörn og pallahreinsir

20% afsláttur

JOTUN
Trebitt
pallaolía
3ja ára ending

Svansvottuð málning

20% afsláttur

LADY málning

20% afsláttur

af Black og Decker og Texas sláttuvélum

FISKARS

20% afsláttur

af Fiskars garðvörum

25% afsláttur

af matarstellum og glösum

Nilfisk

20% afsláttur

af Nilfisk háþrýstidælum

20%

OUTBACK

Gasgrill Magnum 3B

Grillflötur: 64x42 cm, með neistakveikju, ryðfríar hlífar.
3000227

69.990kr

~~87.490 kr~~

Gasgrill Q2200

Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi.
3000378

58.990kr

Kolagrill Orginal Kettle

Hæð 107 cm, breidd 64 cm, dýpt 67 cm, hitamælir í loki, Handfang með áhalda-krókum, hitastýring í loki og skál. 2999796

41.990kr

Gasgrill Weber Q3200

Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm, grillgrindur úr pottjárni.
3000403

84.990kr

~~89.990 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Vefverslun
Sendum um land allt
husa.is

SAMSUNG
Sjónvarp, Crystal 55"
4K, Crystal, upplausn
3840x2160, eitt USB tengi.
1860804
89.990kr
~~119.990 kr~~
Fæst eingöngu í Skútuvogi og vefverslun

enox enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI
Sjónvarp 4K, 65"
ENOX Clarity Line 65"
snjallsjónvarp. 1860800
89.990kr
~~99.990 kr~~

Eurovision

veisla í Húsasmiðjunni og Blómavali

Fáðu grillið samsett
Gildir eingöngu í vefverslun 5.000 kr.

Frábær kaup í Húsasmiðjunni

OUTBACK

Gasgrill Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu.
3000390
39.990kr

Nýtt Eurovision blað er komið út
Skoðaðu á **husa.is**

Fimmtudagur

Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
19.00 **Mannauðsdagurinn** Þáttur um mannauðsmál í tilefni alþjóðadags mannauðsstjóra.
19.30 **Suðurnesja-magasín Vikurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
20.00 **Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
21.00 **Mannamál (e)** Mannauðsdagurinn Þáttur um mannauðsmál í tilefni alþjóðadags mannauðsstjóra.
21.30 **Suðurnesja-magasín Vikurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum

RÚV Sjónvarp

10.50 **Heimaleikfimi**
11.00 **Upplýsingafundur Almannavarna**
11.30 **Kastljós**
11.45 **Menningin**
11.55 **Djók í Reykjavík**
12.25 **Fólkið í landinu** Pétur Jónsson.
13.00 **Hrefna Sætran grillar** Fuglakjöt.
13.25 **Toppstöðin**
14.15 **Laxness og svarti listinn**
15.15 **Sagan bak við smellinn - Praise You Hitlátens historia**
15.45 **Lífsins lystisemdir** Strömsö.
16.15 **Stjörnuhreysti**
16.50 **Daði og gagnamagnið**
17.25 **Táknmálsfréttir**
17.35 **KrakkaRÚV**
17.36 **Undraverðar vélar**
17.50 **Nýi skólinn**
18.05 **Matargat** Hafragrautur með eplamús.
18.10 **Krakkafréttir**
18.20 **Fréttir**
18.40 **Íþróttir**
18.45 **Veður**
19.00 **Eurovision 2021** Seinni undankeppni Bein útsending frá seinni undankeppni Eurovision í Rotterdam þar sem Daði og Gagnamagnið stíga á svið.
21.05 **Eurovison 2021 - Skemmtiatriði**
21.20 **Kátt í Höllinni** Fjölmargar erlendar Eurovision-stjörnur hafa komið fram á úrslitakeppni Söngvakeppninnar í Laugardalshöll frá árinu 2016. Í þættinum rifjum við upp þessi augnablik.
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Glæpahneigð Criminal Minds**
23.05 **Undir trénu**
00.30 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

09.15 **PGA Tour 2020**
15.10 **2021 PGA Tour Champions Learning Center**
15.35 **Champions Tour Highlights**
16.30 **PGA Tour. The Cut** Skyggnst á bak við tjöldin hjá PGA mótaröðinni.
17.00 **PGA Championship** Bein útsending frá PGA Championship.
23.05 **PGA Special. 25 Years of Tiger**
23.50 **PGA Special. One Shot Away**

Sjónvarp Símans

12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
15.50 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Kokkaflakk** Ferða- og matreiðsluþættir þar sem Ólafur Örn Ólafsson heimsækir íslenska matreiðslumenn sem hafa gert það gott úti í hinum stóra heimi.
20.45 **Jarðarförin mín**
21.15 **Venjulegt fólk**
21.45 **Stella Blómkvist** Glæný íslensk þáttaröð. Stella Blómkvist er lögfræðingur sem tekur að sér erfið mál.
22.35 **Manhunt. Deadly Games**
23.20 **The Late Late Show**
00.05 **Love Island**
01.00 **Ray Donovan**
01.50 **Black Monday**
02.20 **Gangs of London**
03.20 **Penny Dreadful. City of Angels**
04.20 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið** Fyrri og seinni hluti
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Á tónsviðinu**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Flakk - Flakk um Vatnsholt**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Hljómboxið** Blöðruiskrið mætir Spreybrúsunum.
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Tónlistarkvöld Útvarpsins. Jordi Savall og Orpheus XXI**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

11.45 **Daphne & Velma**
12.55 **Sweet Home Carolina**
14.20 **The Five-Year Engagement**
16.20 **Daphne & Velma**
17.35 **Sweet Home Carolina**
18.55 **The Five-Year Engagement**
21.00 **Stronger**
22.55 **Ford v Ferrari**
01.25 **Fear of Water**
03.00 **Stronger**

Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.15 **Grey's Anatomy**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **The O.C.**
10.05 **Last Man Standing**
10.25 **Gilmore Girls**
11.10 **Hestalífið**
11.20 **Tveir á teini** Frábærir grillþættir þar sem Pétur og Sveppi grilla kræsingar fyrir nafntogaða gesti. Með þeirra aðstoð munu strákarnir í hverri viku taka fyrir eitt hráefni og útfæra það á ýmsa vegu frá forrétti til eftirréttar.
11.50 **Friends**
12.15 **Friends**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **Gossip Girl**
13.35 **Jamie Cooks Italy**
14.20 **X-Factor. Specials - All stars**
15.30 **Temptation Island**
16.15 **All Rise**
17.00 **Mr. Mayor**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Dagbók Urriða**
19.35 **Temptation Island USA**
20.20 **Hell's Kitchen USA**
21.05 **The Blacklist**
21.50 **NCIS**
22.40 **NCIS. New Orleans**
23.25 **Real Time With Bill Maher**
00.20 **We Are Who We Are** Raunverulegir og dramatískir þættir frá 2020. Þetta er þroskasaga tveggja ólíkra unglinga sem búa með foreldrum sínum í ameríkskri herstöð á Ítalíu.
01.10 **Brave New World**
01.55 **Grey's Anatomy** Sextánda þáttaröð þessa vinsæla dramaþáttar um lífið á Grey Sloan Memorial spítalanum í Seattle-borg.
02.40 **The O.C.**

Stöð 2 Sport

09.00 **Dominos Körfuboltakvöld**
09.55 **KR - Valur** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
11.35 **KR - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
13.15 **Keflavík - Haukar** Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
14.55 **Fjölnir - Valur** Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
16.35 **EM 2000**
20.00 **Pepsi Max Mörkin**
21.00 **KR - Valur** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
22.40 **Dominos Körfuboltakvöld**

Stöð 2 Sport 2

09.00 **La Liga World**
09.30 **Casademont Zaragoza - Lenovo Tenerife**
11.05 **Herbalife Gran Canaria - Valencia Basket Club**
12.40 **Piteå IF DFF - KIF Örebro DFF**
14.20 **Udinese - Sampdoria**
16.00 **Benevento - Crotone**
17.40 **Lazio - Torino**
19.20 **Saga Evrópumótsins í fótbolta**
19.45 **Casademont Zaragoza - Lenovo Tenerife**
21.20 **La Liga World**
21.50 **Herbalife Gran Canaria - Valencia Basket Club**
23.25 **EM 2000**

Ennþá meira úrval af listavörum

Listverslun.is

AMSTERDAM dream · create

van Gogh The Quality Brand

REMBRANDT The Professional Choice

Liquitex

Conté à Paris DEPUIS 1795

LEFRANC BOURGEOIS PARIS

2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Veiran vofir yfir síðara undankvöldinu

Síðara undankvöld Eurovision fer fram í kvöld í skugga tíðinda af Gagnamagninu og Covid-smitinu í genginu. Flestir eru sammála um að lögin í kvöld séu töluvert lakari en þau sem voru flutt á þriðjudag. Engu að síður er hægt að lofa gleði og glaumi.

benediktboas@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is

Moldóva sendir sykurhúðað lag sem Natalia Gordienko syngur. Hún er í baráttusæti um að komast áfram í úrslitin á laugardag. Euronördar heimsins eru þó á því að hún sé einfaldlega ekki nægilega góð söngkona og heldur ekki góður dansari. **MYND/EBA**

Daði og Gagnamagnið stigu ekki á svið í gær í dómararennslinu og munu nánast örugglega ekki þenja raddböndin í kvöld, eftir að meðlimur Gagnamagnsins greindist með Covid-19. Þess í stað verður notuð upptaka af æfingu.

Að öllum líkindum verður notast við síðari æfinguna sem Gagnamagnið renndi í gegnum, en samkvæmt Eurovision-sérfræðingum Wiwibloggs var sú æfing heldur flöt. Flosi Jón í FÁSES segir þó að það sé ekkert að marka þá Deban og félaga. Æfingin hafi verið stórkostleg.

Góðu fréttirnar eru að kvöldið í kvöld er mun slakara en kvöldið á þriðjudag. Það eru ekki mörg sterk lög sem keppa í kvöld.

Þau sem eru talin örugg upp úr riðlinum eru Svisslendingar, Búlgarar, Finnar, Grikkir og við Íslendingar. Aðrir eru í limbói. San Marínó gæti komið óvænt inn eftir að rapparinn Flo Rida boðaði komu sína, en hann ku trekkja að.

Sviss er með lagið sitt Tout l'univers sem Gjon's Tears flytur. Lagið er lítið annað en afrit af lagi Hollendinga sem vann í Tel Avív árið 2019. Píanó á sviði. Hollenska lagið var reyndar frábært lag og því um að gera að semja svipað stef.

Búlgarir senda Victoriu til Rotterdam. Hún var líkleg til afreka á síðasta ári líkt og Daði, með lagið sitt Tears Getting Sober en hún er núna með lagið Growing Up is Getting Old. Lagið fjallar um fjölskyldu hennar og vini. Fínasta lag en ekki nærri eins gott og lagið 2020. Gæti verið svartur stóðhestur þessarar keppni.

Finnar senda rokk og ról með laginu Dark side, sem Blind Channel þrumar í loftið. Tískan fer í hringi og það gerir tónlistin svo sem líka. Þetta er háskólaskotið rokk sem minnir á aldamótin. Hvíslað í míkrófóninn þrátt fyrir rokk og ról, hopp og mikið æ, æ og hú, hú. Myndi sóma sér vel í American Pie-mynd.

Grikkir boða byltingarkennt sjónarspil á sviðinu. Stefania syngur um síðasta dansinn og miðað við æfingar verður gaman að sjá atriðið í stóru sjónvarpi og góðum græjum. Lagið fylgir ekki alveg sýningunni á skjánum en ætti að fljúga upp.

Þá er komið að okkur Íslendingum. Hvað þýða tíðindi gærdagsins fyrir atriðið sem þau hafa aðeins fengið að æfa tvisvar sinnum? Að spila það af æfingu tvö þýðir að það sé verið að spila ófullkomið atriði. Fréttir frá Rotterdam eru reyndar þannig að Daði og Gagnamagnið hafi mætt út með nánast fullgert atriði og því séu aðeins nokkrir hnökrar á því. En hvert smáatriði skiptir máli og stemningin í salnum skilar venjulega miklu. Kannski fáum við samúðaratkvæði og þrátt fyrir allt ættu Daði og smitaðir félagar að fljúga inn í úrslitin.

Þær þjóðir sem eru í keppni um hin fimm sætin eru til dæmis Serbar sem senda Loco loco sem minnir á afgangslag frá Spice Girls. San Marínó mætir með Flo Rida og auðvitað Danir með Fyr og flamme. Laginu er ekkert spáð góðu gengi en það er skemmtilegt og gæti sett svip sinn á úrslitakvöldið. Kvöldinu lýkur á Dönum sem gæti verið kostur. Íslendingar gefa Dönum alltaf stig og það mun ekki breytast í ár.

Moldóvar senda sykurhúðað lag sem Natalia Gordienko syngur. Það hefur heyrst rúmlega 250 sinnum í Eurovision. Bassi og ýktar danshreyfingar í bland við kynþokka á sviðinu gæti komið þeim áfram.

Anxhela Peristeri frá Albaníu syngur Karma sem er alvöru drama lag. Fiðlur, bassadropp og dans í litlum kjól. Það gæti virkað.

Portúgalir hafa engan áhuga á að vinna keppnina eins og 2017 og senda Black Mamba með Love is on my side. Rólegt lag þar sem sungið er á ensku allan tímann. Og viti menn, söngvarinn Tatanka syngur Love is on my side 11 sinnum á þremur mínútum. Eina lagið sem Salvador Sobral hefur nennt að hlusta á. ■

Serbía er með lagið Loco loco sem gæti hafa verið á lista Spice Girls í gamla daga.

Stærsta bloggsíða Eurovision, Wiwibloggs, spáir að Daði og Gagnamagnið fljúgi áfram í úrslitin.

Spá Fréttablaðsins í kvöld

Sviss	Serbía
Búlgaría	San Marínó
Finnland	Danmörk
Grikkland	Albanía
Ísland	Moldóva

Finnar eru með rokk og ról.

Daði og Gagnamagnið eru heima á hóteli.

Áhorfendur fá að mæta í Ahoy-höllina og styðja sitt fólk. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

San Marínó er með Flo Rida í sínu liði.

Eurovika á Kex með FÁSES

Í kvöld mun Eiríkur Hafdal spila júróhittara og stýra samsöng. FÁSES ætlar einnig að ná tali af íslensku sendinefndinni beint frá Rotterdam.

Á morgun verður Eurovision-karíóki að hætti FÁSES. Daníel Arnarsson heldur uppi stuðinu og sér til þess að vandað verði til lagavals. Búningakeppni fyrir þá allra hugrökkustu.

Laugardaginn 22. maí verður síðan sannkölluð Eurovision-hátíð frá klukkan 14 á Kex hosteli:

Eurovision Zumba með Flosa, DJ Gloria Hole, Selma Björnsdóttir og Eurobandið troða upp.

Að sjálfsögðu verður horft saman á úrslitin og skálað – vonandi fyrir sigri Daða.

Pizza Hut

VEISLUVIKA

17. – 23. MAÍ – TAKE AWAY

USA ★ COMBO 1.990

STÓR PÖNNUPIZZA – PEPPERONI • 5 VÆNGIR – BBQ EÐA BUFFALO

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði



PlayStation-sóttvörn Daða Freys virkaði ekki

Þegar Fréttablaðið ræddi við Daða Frey rétt áður en Covid-smit kom upp hjá Gagnamagninu var hann hóflega bjartsýnn fyrir stóru stundina. Smitið setur vitaskuld allt í uppnám en Daða hefur hingað til tekist að gera gott úr Eurovision þrátt fyrir ýmis áföll.

thorarinn@frettabladid.is

Gagnamagnið fékk þungt högg í gær þegar Covid-smit greindist innan hópsins og vonin um að fá að flytja 10 years í beinni af sviðinu í Rotterdam gufaði upp. MYND/GÍSLI BERG

„Ég hef alveg trú á því að við förum áfram en við gerum okkur alveg grein fyrir því að við erum ekkert örugg. Það þarf að ganga vel hjá okkur að performa og við þurfum að gera þetta almennilega. Það er ekkert öðruvísi," sagði Daði Freyr í samtali við Fréttablaðið rétt áður en allt varð öðruvísi og Gagnamagnið mun ekki fá að láta ljós sitt skína að fullu í seinni forkeppni kvöldsins þar sem notast þarf við myndbandsupptöku vegna smitsins.

„Þetta er mikið högg," sagði Rúnar Freyr Gíslason, fjölmiðlafulltrúi hópsins, þegar hann upplýsti um smitið og þar er engu logið og eftirvæntingin hefur verið mikil. Ekki síst þar sem Daði Freyr hannaði atriðið sérstaklega fyrir sviðið í Rotterdam.

„Þetta er bara búið að vera geggjað. Lagið er hugsað út frá þessu sviði og okkur líður mjög vel með að performa á því. Ég gæti nú ekki verið mikið ánægðari með hvernig þetta er að koma saman," sagði Daði Freyr rétt áður en allt breyttist.

Óvænt og óheppilegt

Tveir úr Gagnamagninu eru komnir í einangrun með staðfest smit. Áður hafði einn úr pólska hópnum greinst með smit en sá hópur dvelur á sama hóteli og Gagnamagnið.

Daði Freyr segir þau í Gagnamagninu hafa farið sérlega varlega í Rotterdam og frá því fyrra smitið kom upp í íslenska hópnum hafa þau Árný verið innilokuð á hótelherbergi sínu. Allt kom þó fyrir ekki og versta hugsanlega staðan er komin upp.

„Við erum búin að vera að passa okkur rosalega vel. Allir í hópnum. Þetta eina smit er mjög óheppilegt og í rauninni bjóst ég alls ekki því. Því það eru allir búnir að vera að passa sig rosa mikið hérna," segir Daði um fyrra smitið sem varð til þess að allar sóttvarnaaðgerðir voru hertar til muna þannig að meðlimir Gagnamagnsins hafa síðustu daga mátt dúsa innilokaðir hver á sínu hótelherbergi.

Netflix og Rocket League

„Við erum öll hvert í sínu herberginu þannig að ég er með Árnýju og Jói og Stefán eru saman og allir aðrir eru bara einir. Við bara megum ekki fara neitt. Þurfum bara að fá pantaðan mat upp að hurð og svoleiðis. Við sitjum bara heima og horfum á Netflix," segir Daði og hlær.

„Við vorum að byrja á einhverjum ofurhetjuþáttum á Netflix. Ég veit ekki alveg hvað mér finnst um þá en svo spila ég Rocket League á PlayStation. Þetta er samt ekkert bara eitthvert tjill og það er búið að vera rosa mikið af viðtölum og alls konar sem maður er að gera," segir Daði sem hefur setið fyrir svörum á býsna mörgum Zoom-fundum.

Þá segir hann einangrunina ekki hafa farið neitt sérstaklega illa í sig og vissulega njóti hann þess að hafa ákveðna fjölskyldutryggingu og Árnýju með sér. „Það er mjög næs."

Hópurinn hélt einnig ró sinni á hótelherbergjunum í góðri trú um að hópurinn héldist neikvæður þannig að þau myndu komast á svið í höllinni. Enda ýmsu vön og þegar búin að missa af einu slíku tækifæri. Þar fyrir utan hefur ferðin til Rotterdam verið nokkurn veginn eins og Daði hafði séð fyrir sér.

Svart ofan á grátt

„Ég held þetta sé bara nokkurn veginn það sem maður var búinn að sjá fyrir," segir Daði sem hélt af stað til Rotterdam meðvitaður um að yfirstjórn Eurovision myndi takmarka ferða- og athafnafrelsi hópsins.

> Ég er svolítið að reyna að nýta tækifærið því það eru allavegana 180 milljónir manns sem horfa á laugardeginum og ef við komumst þangað fær maður ekki mikið betri kynningu.

„Leiðinlegast fannst mér bara að við værum ekki að fara saman út sem hópur og upplifa brjálæðið sem mér skilst að Eurovision eigi að vera," sagði Daði um messufallið í fyrra í viðtali við Fréttablaðið í mars og var þá búinn að sætta sig við að þrátt fyrir annað tækifæri virtist Gagnamagninu ekki ætlað að upplifa alvöru Eurovision.

„Það verður náttúrlega einhver öðruvísi útgáfa af þessu núna. Það verður ekkert þessi fjölmiðlahávaði né öll þessi Eurovision-partí. Við verðum örugglega bara svolítið uppi á hóteli," sagði Daði fyrir tveimur mánuðum og reyndist nokkuð sannspár fyrir utan að til að bæta svörtu ofan á grátt blasir nú við að Gagnamagnið missir af því að troða upp í beinni á sviðinu í Rotterdam.

Daði Freyr hefur farið mjög varlega og þau Árný hafa verið einangruð á hótelherbergi sínu með Netflix og PlayStation en allt kom fyrir ekki.

Pakkað saman

Fátt er þó svo með öllu illt og hvernig sem Gagnamagninu mun reiða af með því að keppa af myndbandi ætlar Daði Freyr að gefa út rafræna smáskífu á föstudaginn og gerir ráð fyrir því að öll athyglin í kringum keppnina muni nýtast honum og Gagnamagninu.

„Ég er að gefa út EP-plötu á föstudaginn með tveimur nýjum lögum og rímixi frá Chromeo. Ég er svolítið að reyna að nýta tækifærið því það eru allavegana 180 milljónir manns sem horfa á laugardeginum og ef við komumst þangað fær maður ekki mikið betri kynningu."

Hvernig sem allt fer að lokum er ballið búið á laugardaginn og ekkert annað að gera en pakka saman og drífa sig heim til Íslands. „Við komum hingað bara til þess að keppa, svo förum við bara heim," segir Daði Freyr frá Eurovision-vígstöðvunum þaðan sem ekki hefur verið tíðindalaust þótt fréttirnar hafi því miður ekki verið góðar á endasprettinum. ■

KFC

Rétta bitanagnið

Veldu þína fötu. Allskonar í boði!

Hot Wings | Buffalo Wings | BBQ Wings | Leggja fata | Original lundir | Duo Bucket | Fjölskyldu-pakki f4 | Fjölskyldu-pakki f6

Sealy **SEATTLE**
heilsurúm með classic botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna
með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latexi í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði..

Sealy Seattle með Classic botni og löppum

Stærð í cm	Fullt verð	Sumartilboð
Sealy Seattle 90x200	114.900 kr.	**91.920 kr.**
Sealy Seattle 120x200	150.900 kr.	**120.720 kr.**
Sealy Seattle 140x200	164.900 kr.	**131.920 kr.**
Sealy Seattle 160x200	179.900 kr.	**143.920 kr.**
Sealy Seattle 180x200	194.900 kr.	**155.920 kr.**
Sealy Seattle 200x200	234.900 kr.	**187.920 kr.**

SUMAR TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Sealy **BOSTON**
heilsurúm – dýna, botn og gafl

SUMAR TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

Boston City heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tónum af Viva áklæði, dökkum og ljósum. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm
Dormaverð: 279.900 kr.

Boston 180 x 200 cm
Dormaverð: 299.900 kr.

Aðeins **209.925 kr.** **224.925 kr.**

SUMAR TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

SCAPA

MEGA
hornsófi

Sérlega kósí hornsófi í slitgóðu áklæði sem fæst í þremur gráum tónum. Sófinn fæst í vinstri útgáfu. Tunga/horn ekki færanleg. Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veitir þér enn meiri þægindi. Fæst einnig stærri. Stærð: 257x241 cm

Fullt verð: 239.900 kr.

Aðeins **191.920 kr.**

SUMAR TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

SCAPA

MEGA
u-sófi

Sérlega kósí u-sófi í slitgóðu áklæði sem fæst í þremur gráum tónum. Sófinn fæst í hægri eða vinstri útgáfu. Tunga og horn eru ekki færanleg. Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veitir enn meiri þægindi. Stærð: 341x241 cm

Fullt verð: 289.900 kr.

Aðeins **231.920 kr.**

SUMAR TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

TIVOLI SLIM
svefnsófi

Ítölsk hönnun. Einstaklega góður svefnsófi. Bakinu hvolft fram á einfaldan hátt, Svefnsvæði 140x190 cm. Fáanlegur í tveimur tónum af bláum lit í slitsterku áklæði.

Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins **183.920 kr.**

SUMAR TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

BUFFALO
lyftistóll – rafdrifinn

Leður á slitflötum. Hægt að halla t
il baka með skemil. Aðstoðar þig á fætur.
Hægt að fá í svörtum, brúnum og dröppuðum lit.
Stærð: 84x94 H: 105 cm.

Dormaverð: 194.900 kr.

Aðeins **165.665 kr.**

SUMAR TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

BERMUDA
garðhúsgagnasett

Garðhúsgagnasett sem fáanlegt er í tveimur litum, grásvörtu og ljósgráu. Settið samanstendur af 4 einingum sem hægt er að raða saman á marga vegu. Vinstri og hægri sófaeining með armi og ferköntuð seteining. Þessum einingum fylgja sessur og 6 púðar. Þá fylgir ferköntuð borðeining með hertu gleri. Stærð horneininga: 154,5 x 83 x 66 cm. Stærð ferköntuðu eininganna: 83 x 83 cm. **Fullt verð á settinu: 159.990 kr.**

Aðeins **127.992 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Sumarið er komið í DORMA

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

LICATA
hornsófi

Hornsófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Dormaverð: 269.990 kr.

Aðeins **215.920 kr.**



LICATA
u-sófi

Licata u-sófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur.
Stærð: 366 x 226 x 82 cm

Dormaverð: 369.990 kr.

Aðeins **258.930 kr.**

Þú finnur nýjasta Dormabæklinginn á dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Thomasar Möller

Hugsum eins og ALDI

Eitt af því sem Covid-19 hefur leitt af sér er að líf okkar hefur einfaldast að vissu leyti. Fjarkennsla, fjarvinna og streymisviðburðir hafa fækkað ferðum og skuldbindingum. Á sama tíma hefur verslun með raftæki, útivistarvörur, húsgögn og aðra hluti til heimilisins aukist verulega. Sorpa hefur fyllst af gömlu dóti og skipti/nytjamarkaðir eru virkari en nokkru sinni fyrr.

Í LA Times var nýlega sagt frá því að meðalheimili í BNA er með um 300 þúsund hluti, frá bíl niður í pappírsklemmu. Aðeins um 300 hlutanna eru notaðir reglulega. Flestir bílskúrar eru notaðir sem dótageymsla og heimilisgeymslur eru fullar. Kannast þú við þetta, ágæti lesandi? Ekki gleyma því að allt þetta dót sem við erum ekki að nota kostar peninga og peningar eru í raun sá vinnutími sem fór í að afla þeirra. Tími er ekki bara peningar... peningar eru tími!

ALDI-verslanakeðjan er með aðeins 1.400 vörunúmer í dæmigerðri verslun. Með því að halda vörutegundum í lágmarki hefur ALDI tekist að lækka vöruverð. Ef ný vörutegund er tekin inn í búðina, þarf að hætta með aðra vörutegund. Þannig eru vörutegundirnar alltaf 1.400. Næst þegar þú kaupir þér dót, hugsaðu eins og ALDI: losaðu þig við einn hlut í staðinn með því að gefa hann til Góða hirðisins eða Nytjamarkaðarins.

Við getum einfaldað líf okkar með því að kaupa minna af dóti sem við notum ekki. Við getum líka prófað að nota nytsömu hlutina lengur eða fá þá lánaða eða leigða í stað þess að kaupa þá. Þannig minnkum við kolefnisspor á íbúa með því að eiga minna af óþarfa dóti! ■

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

5G

30.000 króna afsl.

5Gíraðu þig upp!

5G er mætt í nýjustu týpur af Samsung Galaxy S20 og S21. Komdu á ofurhraða inn í framtíðina!

Samsung Galaxy S20 FE 5G 128GB

99.990 kr.

~~Verð áður: 129.990 kr.~~

Samsung Galaxy S21 128GB

149.990 kr.

Samsung Galaxy S21+ 128GB

185.990 kr.

Samsung Galaxy S21 Ultra 128GB

219.990 kr.

www.nova.is

NOVA

ÆRSTI SKEMMTAÐUR HEIM!